



PERSÓNU  
VERND



Ársskýrsla 2019





## Ársskýrsla Persónuverndar 2019



1	Ávarp forstjóra	6
2	Hlutverk Persónuverndar	10
3	Fjárreiður	11
4	Skipulag Persónuverndar	12
5	Persónuvernd í tölum	14
6	Árið 2019 í hnotskurn	18
7	Umfjöllun um mál Persónuverndar <ul style="list-style-type: none"><li>- Umsagnir til Alþingis um þingmál</li><li>- Veitt leyfi</li><li>- Úttekt</li></ul>	20
8	Úrskurðir, álit og ákvarðanir Persónuverndar	22
9	Erlent samstarf <ul style="list-style-type: none"><li>- Norrænt samstarf</li><li>- Evrópskt og alþjóðlegt samstarf</li></ul>	34
10	Brot úr starfseminni á árinu	38
11	Sviðsstjórar hjá Persónuvernd	46

## Við lifum breytta tíma og það sem áður hefði talist vísindaskáldskapur er nú staðreynd

### Almenn þekking á vernd einkalífs eykst á tímum tæknibyltingar – mikið, viðvarandi og verulega aukið álag á starfsemi Persónuverndar

Árið 2019 er fyrsta heila árið sem rennur sitt skeið síðan ný persónuverndarlög tóku gildi og 18. árið í röð er aukning á málafjölda Persónuverndar. Segja má að málastaða Persónuverndar hafi verið í jánnum undanfarin ár, því hvorki hefur náðst að sinna nægilega vel innkomnum erindum né uppsöfnuðum málhala vegna undirmönnunar, sem fylgt hefur rekstri stofnunarinnar allt frá árinu 2012.

Fyrir liggur að ný persónuverndarlög sem tóku gildi í júlí 2018 hafa leitt af sér mikið, viðvarandi og verulega aukið álag á starfsemi Persónuverndar. Á hverjum degi hefur því þurft að forgangsraða málum rétt og ljóst er að ekki hefur verið unnt að sinna með ásættanlegum hætti þeim fjölmörgu aðilum sem leita til Persónuverndar með sín mikilvægu og oft og tíðum alvarlegu mál sem varða grundvallarmannréttindi. Við þessar aðstæður er Persónuvernd auk þess ekki gert kleift að sinna nægilega frumkvæðisskyldu sinni til eftirlits með vinnslu persónuupplýsinga hérlendis.

Á tímum mikilla tækniframfara á heimsvísu, oft á kostnað persónuverndar einstaklinga, verður að telja þessa stöðu mjög alvarlega.

### Hvaða mál eru undir? Hver er fjöldi þeirra?

Málin sem berast spanna allt litrófið og bera með sér að almenn þekking er að aukast á vernd einkalífs á tímum tæknibyltingar. Áfram er Persónuvernd að kljást við kvartanir sem lúta að algengum tegundum vinnslu persónuupplýsinga, svo sem rafrænni vöktun - hvort sem er á vinnustöðum eða hjá nágrönnum. Vinnsla persónuupplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust er fyrirferðarmikil á hverju ári, sem og mál sem varða óheimila birtingu eða miðlun persónuupplýsinga. Mörg málin varða hins vegar nýjar áskoranir tengdar tækninni. Má þar sem dæmi nefna mistök sem orðið hafa við að innleiða svokallað opið bókhald hjá sveitarfélögum, vinnslu persónuupplýsinga um börn í skólakerfinu, snjallúr sem geta ógnað öryggi barna, netbirtingu dóma hjá dómstólum og margvíslega vinnslu persónuupplýsinga á samfélagsmiðlum, meðal annars í tengslum við kosningar.

Að öðrum ólöstuðum má ætla að áhrifamesta álitnið á árinu hafi verið kveðið upp í febrúar en það varðaði vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við síðustu sveitarstjórnarkosningar í Reykjavík. Allar niðurstöður Persónuverndar eru aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar. Þær eru fordæmisgefandi og eiga að koma aðilum í sambærilegri aðstöðu að notum.



*Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.*

Á árinu voru nýskráð 2.454 mál en óafgreidd mál frá fyrri árum voru 1.171. Til meðferðar voru því í heildina 3.625 mál. Á árinu tókst 17 starfsmönnum að afgreiða 2.984 mál. Mikil aukning varð því á afgreiddum málum hjá Persónuvernd árið 2019, því 1.758 mál voru afgreidd árið 2018 og 1.833 árið 2017. Óafgreidd mál við árslok 2019 voru hins vegar 641 talsins og 1. nóvember 2020 eru opin og óafgreidd mál um 800 talsins.

Tekið skal fram að ein af ástæðum þess að það náðist að ljúka svona mörgum málum á árinu 2019 er sú að Persónuvernd ákvað að ljúka afgreiðslu á léttari málum sem lágu fyrir. Eftir standa því mál sem taka lengri tíma í afgreiðslu, svo sem

hefðbundnar kvartanir og eftir atvikum beiðnir um álit og fleira. Miðað við afgreiðslu mála undanfarin ár má gera ráð fyrir að það taki tæpt ár að afgreiða þann málhala sem nú liggur fyrir hjá Persónuvernd. Að sama skapi þarf að taka mið af því að ný mál bætast við á hverjum degi.

#### **Álit og ráðgjöf**

Undanfarin ár hefur Persónuvernd leitast við að sinna öflugri fræðslu í þeim tilgangi að efla almenna þekkingu á þeirri réttarbót fyrir alla einstaklinga sem finna má í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hafa sérfræðingar stofnunarinnar þannig gert sér far um að sinna

fræðslubeiðnum ásamt beiðnum um ráðgjöf og umsagnir – sérstaklega frá opinberum aðilum sem telja má að eigi að vera í fararbroddi hvað varðar vandaða vinnslu persónuupplýsinga. Þessi ráðgjöf Persónuverndar á sér oft stað áður en mál eru lögð fram sem frumvörp á Alþingi. Telja verður að þessi vinna leiði til vandaðri lagasetningar um vernd persónuupplýsinga og er það vel. Í þessu sambandi skal einnig bent á að árið 2019 sinntu starfsmenn Persónuverndar 67 beiðnum um umsagnir frá Alþingi og ráðuneytum en þar af voru gerðar athugasemdir í 41 máli, í sumum tilfellum mjög veigamiklar.

Í tengslum við upplýsingabás Persónuverndar á UTmessunni gaf stofnunin út bæklinginn „Eftirlit eða njósnir? – Rafræn vöktun“ og á árinu var jafnframt birtur listi yfir vinnslu sem krefst mats á áhrifum á persónuvernd (MÁP-listinn), auk þess sem birtar voru nýjar reglur um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í söfnum heilbrigðisupplýsinga. Í maí sendi Persónuvernd bréf og fræðslubæklinga í alla grunnskóla landsins, þar sem finna mátti fræðslu um grunnatriði í persónuvernd barna fyrir kennara og aðra sem vinna með börnum. Vonir Persónuverndar standa til þess að slík fræðsla fái viðeigandi stað í menntun íslenskra grunnskólabarna. Á árinu 2019 tóku einnig gildi nýjar reglur um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga.

### Samstarf – íslenskt og erlent

Persónuvernd er í mun að eiga gott samstarf við helstu hagsmunaaðila. Með sumum hafa verið skipulagðir reglulegir fundir, en með öðrum er fundað eftir þörfum. Þannig varð Persónuvernd við um 40 beiðnum um fundi á árinu 2019 frá hinum ýmsu aðilum úr atvinnulífinu, stjórnvöldum og félagasamtökum. Þétt samvinna eykur skilning á kröfum löggjafarinnar og eyðir misskilningi, sem á stundum getur valdið hnökrum í starfi aðila.

Öflug þátttaka hefur verið í evrópsku samstarfi, enda þétt fundað í hinu Evrópska persónuverndarráði sem Persónuvernd á sæti í fyrir Íslands hönd. Þátttakan í starfi ráðsins skapar hornsteininn í allri vinnu Persónuverndar samkvæmt hinni evrópsku persónuverndarlöggjöf, enda skapast með því einsleitni við beitingu persónuverndarlaga í Evrópu. Til þess að þetta markmið náist skipta meðlimir með sér verkum, hvort sem er í ráðinu sjálfu eða undirhópum þess, og vinna þar að leiðbeiningum og lausn þeirra úrlausnarefna sem tækla þarf á starfssviði ráðsins. Fulltrúar Persónuverndar taka virkan þátt í þessari vinnu.

Norrænt samstarf er einnig með miklum ágætum og með sameiginlegri yfirlýsingu á fundi norrænna persónuverndarstofnana í Stokkhólmi í maí 2019 var ákveðið að þetta enn slíka samvinnu milli landanna. Samnorræn úttekt á tilnefningu persónuverndarfulltrúa hjá opinberum aðilum er dæmi um slíka samvinnu. Þá er mikilvægt að geta leitað í smíðju norrænna kollega við úrlausn krefjandi verkefna á sviði persónuverndar.

### Hvert stefnum við?

Við lifum á breyttum tímum og það sem áður hefði talist vísindaskáldskapur er nú staðreynd. Æ fleiri heimili eru orðin snjöll, með öðrum orðum – heimilistækjum, leikföngum, myndavélum og öðru er fjarstýrt frá snjallsíma notanda. Sé öryggið ekki tryggt er hætta á að óþrúttnir aðilar geti náð stjórn á tækjum og nýtt sér upplýsingar um notendur þeirra í annarlegum

tilgangi. Heilu sjúkrahúsin og orkuveiturnar auk annarra mikilvægra innviða eru hér einnig undir. Hér ber einnig að nefna þá vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað á samfélagsmiðlum. Þar ber hæst hvernig upplýsingar á samfélagsmiðlum hafa verið nýttar til að hafa áhrif á niðurstöður kosninga. Margvísleg önnur

virgni fólks á samfélagsmiðlum og annars staðar á Netinu gæti átt eftir að hafa ófyrirséðar afleiðingar í för með sér fyrir einstaklinga, svo sem þegar foreldrar ræða í „lokuðum“ hópum um læknisfræðilegar greiningar á börnum sínum, eða ef ekki er farið nægilega vel með gögn sem verða til með andlitsgreiningartækni eða með annarri vöktun á fólki. Þá vekur gervigreindin upp áleitnar spurningar um persónuvernd – nokkuð sem hver ráðstefnan á fætur annarri hefur tekið fyrir sem umræðuefni í Evrópu og víðar undanfarin ár.

Vægi persónuverndarmála mun áfram aukast og ekki er að undra að sum þessara mála séu rædd á vettvangi þjóðaröryggis. Ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga liggur ætíð hjá þeim sem ákveða slíka iðju en starfsmenn Persónuverndar munu jafnframt standa vaktina um þessi mikilvægu mannréttindi sem leidd eru af friðhelgi einkalífs.

### Alvarlegar athugasemdir frá Persónuvernd vegna frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2021

Við árslok 2019 lá fyrir mat á rekstri Persónuverndar, sem leiddi til þess að 15. janúar 2020 voru í bréfi stofnunarinnar til dómsmálaráðuneytis gerðar alvarlegar athugasemdir við raunlækkun á fjárframlögum til Persónuverndar, sem fram

*„Á tímum mikilla tækniframfara  
á heimsvísu, oft á kostnað  
persónuverndar einstaklinga,  
verður Persónuvernd að geta  
veitt grunnþjónustu.“*



kom í fjárlögum fyrir árið 2020 og í áformum um þriggja ára áætlun í ríkisfjármálum 2020-2022. Greint var frá því að aukið fjármagn til Persónuverndar á árunum 2017-2019 hefði ekki dugað til að leysa úr þeim auknu verkefnum sem stofnuninni berast og sem sinna þarf lögum samkvæmt. Þrátt fyrir heildarendurskoðun á allri starfsemi stofnunarinnar, nýtt skipurit og breytta verkferla hefði ekki verið unnt að sinna nauðsynlegum og lögbundnum verkefnum – svo sem sérstakri lögbundinni skyldu til að sinna úttektum með skipulögðum hætti. Þá hefði ekki verið unnt að sinna málum sem varða mikla hagsmuni, bæði fyrir einstaklinga og hið opinbera. Í bréfinu var greint frá því að ekki síðar en árið 2021 þyrfti að bæta við að lágmarki 10 starfsmönnum til að Persónuvernd gæti sinnt lágmarksskuldbindingum samkvæmt persónuverndarlögum. Ítarleg gögn, þessu til stuðnings, fylgdu erindi stofnunarinnar.

Nú er fyrirsjáanlegt að áform í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2021 munu setja allt starf úr skorðum hjá Persónuvernd. Stofnunin mun missa starfsmann þegar hún þyrfti 10 nýja starfsmenn. Með vísan til fyrrgreinds bréfs Persónuverndar til dómsmálaráðuneytis, dags. 15. janúar 2020, auk 13 bls. ítarefnis, þar sem nánari greining var gerð á aukinni fjárförf stofnunarinnar, liggur ljóst fyrir að ný persónuverndarlög hafa ekki leitt til tímabundins aukins álags hjá Persónuvernd. Þvert á móti er álagið mikið, varanlegt og verulega aukið frá því sem áður hefur verið.

Frá því að fyrrgreint bréf var ritað hefur komið upp heimsfaraldur, sem áhrif hefur á allan opinberan rekstur. Fyrir liggur hins vegar að hjá Persónuvernd liggja ein helstu verkfærin sem beita má til verndar einstaklingum við þá innreið tækninnar sem á sér nú stað á heimsvísu. Sömu verkfærin nýtast til að leiðbeina fyrirtækjum, stjórnvöldum, sveitarfélögum og öðrum sem vinna með persónuupplýsingar.

Ljóst má vera að persónuverndarstofnanir hvers lands í Evrópu verða að geta veitt grunnþjónustu á tækniöld. Að öðrum kosti munu stafræn áform fyrirtækja og hins opinbera ekki ganga upp – enda samtal við Persónuvernd flestum ábyrgðaraðilum nauðsynlegt á einhverju stigi stafrænnar vegferðar þeirra. Þess vegna voru sett ákvæði í persónuverndarlöggjöfina, sem lög nr. 90/2018 lögfestu, sem kveða á um skyldu hérlendra stjórnvalda til að búa Persónuvernd ásættanleg starfsskilyrði, sbr. 4. mgr. 52. gr. almennu persónuverndarreglugerðarinnar.

Ég minni á að þegar aukið fjármagn var ákveðið Persónuvernd til handa á fjárlögum fyrir árið 2018 var sérstaklega tiltekið í álitum frá þeim þingnefndum sem um málið fjölluðu að fylgjast þyrfti vel með þróun mála hjá Persónuvernd, til að tryggja að stofnuninni væri búið ásættanlegt starfsumhverfi.

Persónuvernd þolir illa niðurskurð á sinni starfsemi nú. Slíkur niðurskurður mun koma niður á öllum sem til hennar leita. Staðan er slæm fyrir og ljóst er að núverandi starfsmannafjöldi ræður ekki við þann málafjölda sem hingað berst. Í þessu sambandi bendi ég einnig á að ný mál, sérstaklega tengd Covid19, eru nú þegar orðin um 175 talsins. Þar undir eru m.a. flóknar vísindarannsóknir, kvartanir og ábendingar tengdar því hvernig persónuupplýsingar hafa verið unnar hérlendis á tímum heimsfaraldurs.

Á bak við tölur um opin og óafgreidd mál hjá Persónuvernd, nú um 800 talsins, er fólk sem nú þegar þarf að bíða mánuðum eða jafnvel árum saman eftir niðurstöðu í sínum málum hjá stofnuninni. Við þessari stöðu verða stjórnvöld og /eða Alþingi að bregðast!

Persónuvernd, nóvember 2020



## Meginhlutverk og verkefni Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.



Eftirlit	að annast eftirlit með því að farið sé að lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, reglum settum samkvæmt þeim og reglugerð (ESB) 2016/679
Úrskurðir	að taka við kvörtunum og úrskurða um hvort brot gegn persónuverndarlöggjöfinni hafi átt sér stað.
Leiðbeiningar	að leiðbeina þeim sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu
Leyfisumsóknir	að afgreiða leyfisumsóknir, taka við tilkynningum um öryggisbresti og mæla fyrir um ráðstafanir varðandi vinnslu persónuupplýsinga
Próun	að fylgjast með þróun persónuupplýsingaverndar á innlendum og erlendum vettvangi, greina hvar persónuvernd er hættu búin og veita ráð um leiðir til lausna
Álit	að tjá sig samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði um álitaefni um meðferð persónuupplýsinga og veita umsagnir við setningu laga og annarra reglna sem þýðingu hafa fyrir persónuvernd
Annað	Persónuvernd eru falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum

Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er nítjándi ársskýrsla Persónuverndar.

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2019 samtals 288,4 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 2,1 milljón og ýmsar tekjur voru 0,7 milljónir. Samtals var því ársvelta stofnunarinnar 291,2 milljónir. Rekstrarhagnaður frá árinu 2018 nam 2,9 milljónum og uppsafnaður hagnaður samtals 0,7 milljónum. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 291,9 milljónir en gjöld stofnunarinnar námu alls 292,1 milljón. Tap ársins nam 0,9 milljónum króna og hrein eign var í lok árs neikvæð um 0,2 milljónir.

## STJÓRN

Formaður stjórnar:

Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands

Stjórnarmenn:

Aðalsteinn E. Jónasson, varaformaður stjórnar og dómari við Landsrétt

Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður

Vilhelmina Haraldsdóttir læknir

Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri skilríkjamála hjá

Þjóðskrá Íslands

Varamenn:

Kristín Edwald hæstaréttarlögmaður

Tryggvi Viggósson héraðsdómslögmaður

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari

Haraldur Briem læknir

Jónas Sturla Sverrisson öryggisstjóri

## SKRIFSTOFA

Forstjóri Persónuverndar:

Helga Þórisdóttir

Sviðsstjórar:

Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits

Vigdís Eva Líndal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu

Þórður Sveinsson, sviðsstjóri úttekta

Starfsmenn:

17 starfsmenn: forstjóri, sviðsstjórar, verkefnisstjórar,

lögfræðingar, sérfræðingar í skjalavörslu,

upplýsingaöryggi og rekstrarhagfræði.

## PERSÓNUVERND

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík

Sími 5109600

[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

[postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)

Á vefsíðu Persónuverndar er m.a. að finna:

- Algengar spurningar um persónuvernd og svör við þeim.
- Lög nr. 90/2018 ásamt reglum sem stofnunin hefur sett auk ýmissa upplýsinga sem lúta að starfsemi hennar.
- Leiðbeiningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir
- Eyðublöð fyrir kvartanir og leyfisumsóknir.
- Hlekk á tilkynningargátt vegna öryggisbresta
- Upplýsingar um simatíma lögfræðinga.


## Nýtt skipurit Persónuverndar samþykkt

Þann 23. ágúst 2019 var nýtt skipurit Persónuverndar samþykkt auk þess sem verklagi var breytt til að takast betur á við þann fjölda mála sem Persónuvernd berast.

Samkvæmt skipuriti Persónuverndar er um þrjú megin svið að ræða, auk kjarnastarfsemi, þ.e. eftirlit, úttektir og erlent samstarf og fræðslu. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu.

Sviðsstjóri eftirlits er Helga Sigríður Þórhallsdóttir.  
Sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu er Vigdís Eva Líndal.  
Sviðsstjóri úttekta er Þórður Sveinsson.

Þá hefur Persónuvernd nú skilgreint helstu málaflokka sem falla undir eftirlit stofnunarinnar – með hliðsjón af því að öll vinnsla persónuupplýsinga, hjá fyrirtækjum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og öðrum, fellur undir eftirlit stofnunarinnar. Helstu málaflokkar hér undir eru rafrænt eftirlit og vöktun, tækni og nýsköpun, samfélagsmiðlar og markaðssetning, rannsóknir og leyfi, heilbrigðismál, börn og viðkvæmir hópar, fjármál, réttindi einstaklinga, vottanir og hátternisreglur, reglusetning og lagaumhverfi, netöryggi, löggæsla, fjölmiðlun og stjórnsýsla dómstóla.




\* Vakin er athygli á því að Persónuvernd samþykkti þann 5. október 2020 nýtt álit á lagaumhverfi fjölmiðla með tilliti til persónuverndar, mörkum valdheimilda Persónuverndar að því leyti og á þeim sjónarmiðum sem fjölmiðlar þurfa að líta til við vinnslu persónuupplýsinga í þágu fréttamennsku. Meginniðurstaða álitsins er að vinnsla persónuupplýsinga á vegum fjölmiðla og annarra aðila í þágu fréttamennsku fellur að miklu leyti utan valdsviðs Persónuverndar. Kemur það því í hlut dómstóla að meta hvort fjölmiðlar hafi farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns eða gerst brotlegir við persónuverndarlöggjöfina.



## Nýskráð mál Persónuverndar frá 2002-2019 – Enn glímt við málahala

Mála fjöldi hjá Persónuvernd hefur aukist hröðum skrefum allt frá fyrstu árum stofnunarinnar. Á árinu voru nýskráð 2.454 mál en óafgreidd mál frá fyrri árum voru 1.171. Til meðferðar voru því í heildina 3.625 mál. Á árinu tókst 17 starfsmönnum að afgreiða 2.984 mál. Mikil aukning varð því á afgreiddum málum hjá Persónuvernd árið 2019, því 1.758 mál voru afgreidd árið 2018 og 1.833 árið 2017. Óafgreidd mál við árslok 2019 voru hins vegar 641 talsins og 1. nóvember 2020 eru opin og óafgreidd mál um 800 talsins.

Eftirfarandi mynd sýnir fjölda nýskráðra mála frá 2001 til 2019.



## Nýskráð og afgreidd mál Persónuverndar árið 2019


Alls voru 2.984 mál afgreidd af Persónuvernd árið 2019. Fjölbreytni mála er mikil og hér að neðan má sjá fjölda þeirra eftir tegundum.

Nýskráð mál árið 2019

2.454

2.984

mál voru afgreidd á árinu





## Afgreiddum málum fjölgað mikið á milli ára

Afgreiddum málum fjölgaði verulega hjá Persónuvernd á árinu 2019, samanborið við árið á undan. Var það meðal annars mögulegt eftir að starfsfólki var fjölgað og skipulag stofnunarinnar endurskoðað. Árið 2019 voru 2.984 mál afgreidd hjá stofnuninni, samanborið við 1.758 mál árið áður. Nemur aukning í afgreiðslu mála hjá stofnuninni því 1.226 málum eða tæplega 70%. Tekið skal fram að ein af ástæðum þess að það náðist að ljúka svona mörgum málum á árinu 2019 er sú að ákveðið var að ljúka afgreiðslu á léttari málum sem lágu fyrir. Eftir standa því mál sem taka lengri tíma í afgreiðslu, svo sem hefðbundnar kvartanir, álitsskipting og fleira.



**70%** aukning á afgreiddum málum hjá Persónuvernd á milli ára



## Skipting afgreiðslu mála milli skrifstofu og stjórnar


	Skrifstofa	Stjórn	Alls
Álit	17	3	20
Úrskurður	19	17	36
Umsagnir	67		67

Um starfsemi stjórnar Persónuverndar og skiptingu starfa á milli hennar og skrifstofu stofnunarinnar gilda reglur nr. 876/2018, settar með vísan til 3. mgr. 38. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi Persónuverndar í samráði við forstjóra og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Þá skal stjórn taka meiri háttar efnislegar eða stefnumótandi ákvarðanir í málum sem stofnunin hefur til meðferðar.



## Afgreiðsla mála

Hér að neðan má sjá skiptingu nokkurra málaflokka eftir afgreiðslu þeirra hjá Persónuvernd árið 2019



## Janúar

18. janúar

Persónuvernd sendir bréf til forsætisráðherra og dómsmálaráðherra þar sem athygli er vakin á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við kosningar.

21. janúar

Franska persónuverndarstofnunin sektar Google um 50 milljónir CNIL – franska persónuverndarstofnunin sektar Google um 50 milljónir evra fyrir brot gegn persónuverndarreglugerðinni. Stofnunin taldi samþykki notenda ekki fullnægja kröfum löggjafarinnar, m.a. hvað varðar gagnsæi og fræðslu sem veitt var við öflun samþykkis.

28. janúar:

**Alþjóðlegi persónuverndardagurinn haldinn hátíðlegur í 13. skiptið**

Af þessu tilefni var grein eftir forstjóra Persónuverndar birt í Fréttablaðinu og á Vísi. Greinin þar yfirskriftina Vernd persónuupplýsinga – breytt heimsmynd.

*Úrlausnir Persónuverndar*

22. janúar (frétt birt á vef Persónuverndar 19. febrúar)  
2016/594

Persónuvernd lýkur eftirfylgni vegna álits stofnunarinnar frá 22. september 2015 þar sem fjallað var um skráningu og vinnslu persónuupplýsinga á vegum fimm grunnskóla í upplýsingakerfið Mentor.

31. janúar (birt 4. febrúar)

2018/30

Niðurstaða um að Fons Juris væri heimilt að veita aðgang að þeim dómum sem birtir eru á vef Hæstaréttar Íslands eins og þeir birtast þar.

31. janúar (birt 7. febrúar)

2018/831

Niðurstaða um að Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands hefðu ekki gætt að ákvæðum þágildandi persónuverndarlaga fyrir sveitarstjórnarkosningar 2018, m.a. um að við vinnslu persónuupplýsinga beri að gæta að gagnsæi og fyrirsjáanleika, og hefði því brostið heimild til vinnslunnar.

31. janúar (birt 13. febrúar)

2018/803, 804 og 805

Niðurstaða um að birting viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðum Garðabæjar, Akraneskaupstaðar og Seltjarnarnesbæjar hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Þá var einnig komist að þeirri niðurstöðu að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hefði ekki verið í samræmi við löggin auk þess sem ekki var gerður vinnslusamningur við KPMG ehf.

## Febrúar

8. febrúar

Persónuvernd með bás á **UTmessunni samhliða útgáfu einblöðungs með yfirskriftina Rafræn vöktun – Eftirlit eða njósnir?** þar sem farið er yfir tíu helstu atriði sem huga þarf að í tengslum við rafræna vöktun, til dæmis með eftirlitsmyndavélum.

## Mars

6. mars

Forstjóri Persónuverndar flutti erindi á ráðstefnu Opinna kerfa, „*Er eitthvað öruggt í stafrænum heimi?*“

27. mars

**MÁP-listinn birtur í Stjórnartíðindum**

Listi Persónuverndar yfir vinnslu sem krefst mats á áhrifum á persónuvernd (MÁP-listinn) var birtur í Stjórnartíðindum. Í listanum er að finna yfirlit yfir þá vinnslu persónuupplýsinga sem ávallt þarf að fara í slíkt mat.

*Úrlausnir Persónuverndar*

27. mars

2018/1507

Niðurstaða um að ekki séu forsendur til beitingar sektarheimilda Persónuverndar vegna gagnagrunns með skattskrárupplýsingum.

## Maí

7. maí

**Yfirlýsingin var undirrituð á árlegum fundi norræna persónuverndarstofnana**, sem var skipulagður af sænsku persónuverndarstofnuninni í þetta sinn og fór fram í Stokkhólmi.

8. maí

Forstjóri Persónuverndar hélt erindi á alþjóðlegri ráðstefnu ASSO DPO í Milanó á Ítalíu. Á ráðstefnunni var fjallað um mörg helstu álitæfni í á sviði persónuverndar í Evrópu – sérstaklega í tengslum við verkefni persónuverndarfulltrúa.

17. maí

**Persónuvernd stofnun ársins – þriðja árið í röð!**

Persónuvernd er stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn þriðja árið í röð, en könnunin var nú gerð í fjórtánda sinn.

20. maí

**Bréf og fræðslubæklingar til allra grunnskóla landsins um grundvallaratriði í persónuvernd**

Persónuvernd sendir bréf og fræðslubæklinga til allra grunnskóla landsins með upplýsingum um grundvallaratriði í persónuvernd barna. Bæklingarnir eru ætlaðir kennurum og öðrum sem vinna með börnum. Af því tilefni birtist einnig grein í Fréttablaðinu þennan dag.

*Úrlausnir Persónuverndar*

22. maí

2018/1741

Niðurstaða um að leynileg upptaka á samræðum á veitingastaðnum Klaustri hafi farið í bága við lög nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679. Ekki þótti tilefni til álagningar sektar, m.a. vegna stöðu kvartenda sem þjóðkjörinna fulltrúa.

25. maí

**Persónuverndarreglugerðin eins árs!**

Í tilefni af þessum tímamótum gaf Evrópska persónuverndarráðið út myndband sem skýrir hlutverk ráðsins nánar, auk þess sem gefin var út tölfraði er tengist reglugerðinni þar sem fram kom að málum hefur fjölgað hjá öllum persónuverndarstofnunum í Evrópu.

## Júní

Úrlausnir Persónuverndar

20. júní

2019/1018

Álit um að ríkisskattstjóra sé heimilt að leggja fram upplýsingar um tekjuskatt og útsvar en að heimild bresti til að leggja fram upplýsingar um gjöld einstaklinga í framkvæmdasjóð aldraðra og til Ríkisútvarpsins.

## Júlí

1. júlí

**Nýjar reglur um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í söfnum heilbrigðisupplýsinga**

Reglur þessar lúta að því hvernig tryggja skuli öryggi við vinnslu persónuupplýsinga í söfnum heilbrigðisupplýsinga samkvæmt lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga nr. 110/2000, sbr. lög nr. 45/2014.

29. júlí

**Dómur Evrópudómstólsins í máli C-40/17 (Fashion-ID)**

Dómurinn fjallar einna helst um sameiginlega ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga og notkun á „Like“-hnappi samfélagsmiðilsins Facebook.

## Ágúst

23. ágúst

**Nýtt skipurit Persónuverndar samþykkt**

Samkvæmt skipuriti Persónuverndar er um þrjú meginvið að ræða, auk kjarnastarfsemi, þ.e. eftirlit, úttektir og erlent samstarf og fræðslu. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu.

30. ágúst

**Persónuvernd lýkur úttekt á tilnefningu persónuverndarfulltrúa hjá opinberum aðilum**

Þegar úttektinni lauk höfðu rúmlega 93% þeirra opinberu aðila, sem úttekt Persónuverndar náði til, sinnt lögboðinni skyldu sinni til að tilnefna persónuverndarfulltrúa. Öðrum var veittur eins mánaðar lokafrestur til að sinna þeirri skyldu.

## September

12. september

**Heimsókn til írsku persónuverndarstofnunarinnar**

Heimsókn starfsmanna Persónuverndar til írsku persónuverndarstofnunarinnar (DPC) í Dublin á Írlandi. Þar fengu starfsmenn kynningu á starfsemi stofnunarinnar sem hefur meðal annars eftirlit með stærstu tæknifyrirtækjum heims. Þá var farið í heimsókn til Microsoft og LinkedIn.

13. september

**Nýjar reglur nr. 811/2019 um leyfisskylda vinnslu persónuupplýsinga taka gildi**

Hinar nýju reglur taka mið af nýrri persónuverndarlöggjöf og eru því nokkuð breyttar frá eldri reglum.

18. september

Forstjóri Persónuverndar tók þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnu IAPP (IAPP Data Protection Intensive) í München í Þýskalandi.

25. september

Forstjóri Persónuverndar var með framsögu á málþingi í Norræna húsinu, *Samtal um þjóðaröryggi – tækni og grunngildi*.

## Október

3. október

**Upplýsingagjöf Persónuverndar vegna Brexit**

Persónuvernd birti leiðbeiningar fyrir ábyrgðaraðila í tengslum við útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu.

18. október

**Persónuvernd tekur þátt í norrænu málþingi, Njóta börn persónuverndar í rafrænum heimi?**

Á ráðstefnunni komu saman norrænir fræðimenn og hagsmunaaðilar til að fjalla um áhrif af aukinni stafrænni vinnslu persónuupplýsinga á vettvangi stjórnsýslu, skóla og dómstóla. Sérstök áhersla var lögð á áhrif þessarar þróunar á persónuvernd barna. Formaður stjórnar Persónuverndar stýrði ráðstefnunni og forstjóri Persónuverndar flutti erindi.

20. október

**41. ráðstefna Global Privacy Assembly**

41. ráðstefna Global Privacy Assembly (áður alþjóðleg ráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana – ICDPPC) í Tirana, Albaníu fór fram dagana 21.–24. október en yfirskrift ráðstefnunnar var: Samleitni og tengsl – Hækkun viðmiða um persónuvernd á tækniöld (e. Convergence and Connectivity – Raising Global Data Protection Standards in the Digital Age).

20. október

**Viðtal við forstjóra Persónuverndar í One Trust Data Guidance um helstu áherslur Persónuverndar á Íslandi.**

Úrlausnir Persónuverndar

31. október

2018/2184

Álit um fræðsluskyldu og meðferð persónuupplýsinga vegna drónanotkunar Landhelgisgæslu Íslands við lögbundið fiskveiðieftirlit.

## Nóvember

Úrlausnir Persónuverndar

28. nóvember (Birt 4. desember)

2018/1443

Niðurstaða um að afgreiðsla Reykjavíkurborgar á aðgangsbæðni hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlög. Um var að ræða fyrsta málið um aðgangs- og upplýsingarétt samkvæmt nýju persónuverndarlöggjöfinni.

28. nóvember (Birt 9. desember)

2018/1718

Niðurstaða um að vinnsla persónuupplýsinga hjá Vinnumálastofnun með söfnun IP-talna samrýmist ekki persónuverndarlögum, einkum ákvæðum um áreiðanleika. Lagt var fyrir stofnunina að láta af notkun IP-talna á meðan ekki væru til úrræði til að staðfesta áreiðanleika þeirra.

Hér er gerð grein fyrir ýmsum málum sem Persónuvernd hafði til meðferðar á árinu 2019

## ■ Umsagnir til Alþingis um þingmál

Persónuvernd bærust alls 49 umsagnarbeiðnir frá Alþingi. Efnislegar athugasemdir voru gerðar við 27 lagafrumvörp og þingsályktanir, en 22 málum lauk án athugasemda Persónuverndar.

Auk framangreindra umsagna vann Persónuvernd 18 umsagnir að beiðni stofnana og ráðuneyta um drög að lagafrumvörpum, reglugerðum eða lagabreytingum.

## ■ Veitt leyfi

### Starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf.

Þar sem beiðin var setningar reglugerðar um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust framlengdi Persónuvernd gildistíma starfsleyfis til vinnslu fjárhagsupplýsinga um einstaklinga, dags. 29. desember 2017, starfsleyfis til vinnslu slíkra upplýsinga um lögaðila, dags. 23. desember 2016, svo og bráðabirgðastarfsleyfis, dags. 16. júlí 2018, til vinnslu upplýsinga í þágu lánshæfismats. Voru leyfin framlengd með bréfum, dags. 3. janúar, 28. mars, 28. júní og 4. nóvember 2019.

Á árinu 2019 voru til meðferðar alls 54 mál í tengslum við útgáfu leyfa og veitti Persónuvernd níu leyfi til vinnslu persónuupplýsinga vegna rannsóknarverkefna. Leyfin eru birt í þeirri röð sem þau voru gefin út í.

**2017121792** - Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) var veitt leyfi til vinnslu persónuupplýsinga um lyfjamisnotkun í íþróttum. Nánar tiltekið var sótt um leyfi til þess að hafa á vefsíðu sambandsins uppljóstrunarkerfi fyrir lyfjamisnotkun í íþróttum.

**2019030540** - Persónuvernd veitti embætti landlæknis viðbót við leyfi til samkeyrslu á viðkvæmum persónuupplýsingum vegna skila á tölfræði til OECD.

**2019030592** - Menntamálastofnun, Tryggingastofnun ríkisins og Hagstofu Íslands var veitt heimild til að veita Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur aðgang að persónuupplýsingum í þágu rannsóknarinnar *CP-North: Living with Cerebral Palsy in the Nordic Countries*. Þá var Tinnu Laufeyju veitt heimild til samkeyrslu skráa hjá embætti landlæknis á viðkvæmum persónuupplýsingum hjá öllum framangreindum skráarhöldurum.

**2019050969** - Þjóðskjalasafni Íslands var veitt heimild til að veita Þór Whitehead aðgang að skjalasafni Ungmennaeftirlits ríkisins hjá safninu. Umrætt leyfi var endurnýjun fyrra leyfis (mál nr. 2011/1199) í þágu undirbúnings fimmta bindis í ritröðinni *Ísland í síðari heimsstyrjöld* og laut að gögnum frá Jóhönnu Knudsen hjúkrunarkonu sem til urðu við störf hennar við ungmennaeftirlit lögreglunnar á tímabilinu 15. mars 1941 til 1. janúar 1945.

**2019051001** - Embætti landlæknis var veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga og samkeyrslu skráa í þágu verkefnisins, *Vinnsla gagna úr dánarmeinaskrá til að auka gæði krabbameinsskrár*. Tilgangur vinnslunnar var að bæta gögnum um andlát og dánarmein úr dánarmeinaskrá við gögn í krabbameinsskrá en upplýsingarnar eru forsenda þess að hægt sé annars vegar að reikna dánartíðni af völdum krabbameina og hins vegar lifun einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein.

**2019061199** - Nefnd um eftirlit með lögreglu var veitt heimild til að veita Ellen Ósk Eiríksdóttur aðgang að gögnum í málum vegna kvartana til nefndarinnar. Ellen Ósk var jafnframt veitt heimild til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknarinnar *Umfang og meðferð mála fyrir nefnd um eftirlit með lögreglu*.

**2019081491** - Embætti ríkisskattstjóra var veitt heimild til að veita Guðmundi Sigurðssyni heimild til að samkeyra gögn úr rannsókn hans, *Mat á varanlegri örorku í minni málum, þ.e. þeim málum þar sem örorka er undir 15%*, við upplýsingar um tekjur einstaklinga hjá embætti ríkisskattstjóra. Fyrir lá áður útgefið leyfi Persónuverndar frá 29. júní 2018, sem einnig tók til vinnslu persónuupplýsinga í þágu fyrrgreindrar rannsóknar, meðal annars úr málaskrár tryggingafélaga.

**2019091751** - Héraðsdómi Reykjavíkur var veitt heimild til að veita Ágústu Sól Pálsdóttur aðgang að gögnum dómsins í lögræðismálum frá síðastliðnum 10 árum í þeim tilgangi að rannsaka málefni einstaklinga sem sviptir hafa verið lögræði út frá félagslegum þáttum og kenningum og varpa ljósi á stöðu þessara einstaklinga í samfélaginu.

**2019101988** - Kærunefnd útlendingamála var veitt heimild til að veita Brynjólfi Sveini Ívarssyni aðgang að 40 óbirtum úrskurðum nefndarinnar, þar sem fjallað er um stjórnsýslukæmur vegna umsókna um alþjóðlega vernd, bæði varðandi synjun á efnismeðferð og umsóknir sem hafa fengið efnismeðferð.

## ■ Úttekt

### Úttekt á öryggi persónuupplýsinga í VIS-upplýsingakerfinu hjá Útlendingastofnun

Hinn 28. júní 2019 var lokið úttekt hjá Útlendingastofnun á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta VIS-upplýsingakerfisins, en í það eru af Íslands hálfu skráðar upplýsingar vegna umsókna um vegabréfsáritanir til landsins og þar með inn fyrir hin sameiginlegu ytri landamæri aðildarríkja Schengen-svæðisins. Jafnframt var unnið að eftirfylgd vegna úttektar hjá ríkislögreglustjóra á öryggi persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu, en í það eru einnig skráðar upplýsingar í tengslum við ytri landamærin af hálfu Íslands, þ. á m. um að einstaklingar séu eftirlýstir, sæti endurkomubanni, skuli settir í gæslu tímabundið vega eigin öryggis eða sæti leynilegu eftirliti. Hafði þeirri úttekt verið lokið hinn 27. júní 2018.

**Úrskurður um rafræna vöktun hjá Gluggasmiðjunni**

Mál nr. 2017010043

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun hjá Gluggasmiðjunni ehf. Í kvörtun sagði að myndavélar hefðu verið settar upp snemma á árinu 2015 og haldinn hefði verið fundur þar sem starfsmönnum var lofað að myndefnið yrði ekki notað gegn þeim, en kvartandi taldi að myndefnið hefði verið notað til að fylgjast með vinnuskilum hans. Þá var einnig kvartað yfir því að engar merkingar voru um vélarnar, hvorki utan- né innanhúss. Af hálfu Gluggasmiðjunnar var því hafnað að myndefnið hefði verið notað til að fylgjast með vinnuskilum kvartanda, en Persónuvernd gat ekki með þeim úrræðum sem henni voru búin leyst úr þeim ágreiningi. Hins vegar var komist að þeirri niðurstöðu Gluggasmiðjan hefði ekki fullnægt skyldum sínum um fræðslu til starfsmanna, um viðvaranir um vöktunina auk þess sem vöktunarsvæði náði til svæðis utan lóðar Gluggasmiðjunnar, en vöktunin var af þeim sökum ekki talin samrýmast ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun.

**Úrskurður um vinnslu upplýsinga úr ferilvöktunarkerfi lögreglu**

Mál nr. 2017060926

Persónuvernd úrskurðaði um vinnslu upplýsinga úr ferilvöktunarkerfi lögreglu. Atvik voru þau að á samfélagsmiðla lögreglu barst ábending um meintan hraðakstur lögreglubíls. Var þá tekið skjáskot úr ferilvöktunarkerfinu og það sent yfirmönnum innan lögreglunnar. Í kvörtun var því haldið fram að ýmsar reglur hefðu verið brotnar, þ. á m. um hverjir hefðu mátt fá upplýsingarnar í hendur. Ekki var fallist á það og var komist að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði samrýmist löggjöf um vinnslu persónuupplýsinga.

**Úrskurður um öryggi persónuupplýsinga hjá Akraneskaupstað**

Mál nr. 2017060947

Persónuvernd úrskurðaði um að öryggi persónuupplýsinga hjá Akraneskaupstað við sendingu gagna til málsaðila í barnaverndmáli hefði verið ábótavant. Kvartað var yfir því að bréf sem innihélt mikið af viðkvæmum persónuupplýsingum, þ. á m. viðkvæmar persónuupplýsingar, hefði verið afhent nágretta kvartanda. Í svörum ábyrgðaraðila segir að bréfið hafi verið afhent kærasta kvartanda, en engin gögn eru sönnunar sökum þess að ekki var kvittað fyrir móttöku. Talið var að Akraneskaupstaður yrði að bera hallann af því að ekki lægju fyrir

Úrskurðir, ákvarðanir og álit eru birt í málsnúmeraröð.

gögn um afhendingu bréfsins. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnslan hefði ekki samrýmist öryggiskröfum persónuverndarlaga nr. 77/2000.

**Úrskurður um skráningu og alvarleikaflokkun hjá Creditinfo Lánstrausti hf.**

Mál nr. 2017081115

Persónuvernd úrskurðaði í máli um skráningu upplýsinga hjá Creditinfo Lánstrausti hf. um nauðungarsölu á fasteign. Meðal þess sem á reyndi í málinu var hvort skrá hefði mátt að um ræddi mjög alvarleg vanskil. Í því sambandi var litið til skýringa frá Creditinfo Lánstrausti hf. sem báru með sér að alvarleikaflokkun byggðist á hlutlægum viðmiðum, þ.e. á hvaða stigi innheimtu krafa væri eða hvort um ræddi upplýsingar um annað en vanskil. Var komist að þeirri niðurstöðu að flokkunin samrýmdist því markmiði skráningar að stuðla að öryggi í viðskiptum og að umrædd vinnsla hefði samrýmist reglum um skráninguna.

**Úrskurður um heimild Creditinfo Lánstrausts hf. til skráningar á vanskilaskrá**

Mál nr. 2017081122

Persónuvernd úrskurðaði í máli sem varðar heimildir Creditinfo Lánstrausts hf. til skráningar kvartanda á vanskilaskrá á grundvelli upplýsinga frá hlutafélagaskrá um stöðu hans sem varamanns í stjórn tveggja félaga sem úrskurðuð höfðu verið gjaldþrota síðustu fjögur ár á undan. Creditinfo Lánstraust hf. vísaði um heimild til skráningarinnar til 7. töluliðar 1. mgr. greinar 2.2.2. í starfsleyfi félagsins um heimild til að safna upplýsingum frá hlutafélagaskrá um stofnendur, stjórnarmenn og framkvæmdastjóra hlutafélaga og einkahlutafélaga enda hefðu þeir staðið að a.m.k. tveimur slíkum félögum sem úrskurðuð hefðu verið gjaldþrota síðustu fjögur ár á undan. Þegar upplýsingar væru sóttar í hlutafélagaskrá birtust m.a. upplýsingar um stjórnarmenn og varamenn. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að þar sem um íþyngjandi ákvæði væri að ræða væri rétt að túlka það fremur þröngt. Samkvæmt orðanna hljóðan tæki ákvæðið aðeins til stjórnarmanna en ekki varamanna, sem greinarmunur væri gerður á í lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög. Þá væri í framangreindu ákvæði starfsleyfisins vísað til þeirra sem hefðu „staðið að“ viðkomandi félögum. Samkvæmt reglugerð nr. 246/2001 væri Creditinfo Lánstrausti hf. aðeins heimilt að vinna upplýsingar sem í eðli sínu hefðu afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Taldi Persónuvernd vafa háð að upplýsingar um stöðu hins skráða sem varamanns væru áreiðanlegar upplýsingar um aðkomu viðkomandi að stjórn þess félags og þar með væri vafasamt að þær hefðu afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Creditinfo Lánstrausti hf. var því ekki heimilt að safna úr hlutafélagaskrá upplýsingum



um stöðu kvartanda sem varamanns í stjórn tveggja félaga sem úrskurðuð höfðu verið gjaldþrota á síðustu fjórum árum á undan og nota þær upplýsingar í því skyni að skrá kvartanda á vanskilaskrá fyrirtækisins.

### Úrskurður um skoðun TM hf. á upplýsingum um kvartanda við ósk sambýlismaka um tilboð í tryggingar Mál nr. 2017091302

Persónuvernd úrskurðaði um að TM hf. hefði verið heimilt að skoða upplýsingar um kvartanda í viðskiptasögu félagsins þegar sambýliskona hans óskaði eftir tilboði í tryggingar hjá félaginu. Í úrskurðinum vísar Persónuvernd til þess að TM hafi hag af því að hafa yfirsýn yfir eigin fjármál og viðskiptasögu og geta litið til hennar þegar ákvörðun er tekin um hvort stofnað skuli til viðskipta og þá á hvaða kjörum. Hagsmunir kvartanda af því uppfletting færi ekki fram voru ekki taldir þess eðlis að þeir vægju þyngra.

### Úrskurður um meðferð tölvupósthólfs við starfslok Mál nr. 2017101453

Persónuvernd úrskurðaði um að meðferð tölvupósthólfs við starfslok kvartanda hjá vinnuveitanda kvartanda hefði ekki verið í samræmi við lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, og reglur nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Í úrskurðinum kemur fram að fyrirtækið hafði lokað fyrir aðgang kvartanda að vinnutölvupósti sínum án þess að honum væri gefinn kostur á að fjarlægja eða afrita einkapóst ásamt því að vinnutölvupósthólf hans var áfram opið um nokkurt skeið og að tölvupóstur sem í það barst var vaktaður. Þá lá fyrir að farið var inn á persónulegt netfang kvartanda og póstur þaðan afritaður. Taldi vinnuveitandi kvartanda að það hefði verið nauðsynlegt í ljósi háttsemi kvartanda sem bryti gegn hagsmunum fyrirtækisins. Ekki var fallist á það í niðurstöðu Persónuverndar, meðal annars með tilliti til þess að fyrir lá dómsniðurstaða um að kvartandi yrði ekki talinn hafa brotið gegn ráðningarsamningi meðan á ráðningarsambandi stóð, en umræddum dómi var ekki áfrýjað. Í ljósi þess sönnunarmats kom ekki til álita í málinu að telja háttsemi kvartanda geta haft sérstök áhrif á beitingu 9. gr. reglna nr. 837/2006.

### Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga hjá Creditinfo Lánstrausti hf., Motus og Símanum hf. Mál nr. 2017101456

Persónuvernd úrskurðaði um að Motus hefði ekki verið heimilt að skrá kennitölu kvartanda í vöktun hjá Creditinfo Lánstrausti hf. þar sem um var að ræða umdeilda kröfu. Síminn hf. hafði

falið Motus innheimtu kröfunnar en var hins vegar talinn enn hafa ákvörðunarvald um vinnsluna. Hvildi því enn sú skylda á Símanum hf. að tryggja að vinnslan samrýmdist lögum nr. 77/2000. Þá komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði hvorki verið heimilt að vinna með uppflettingar á kennitölu kvartanda né vöktun vegna umræddrar skuldar við gerð skýrslu um lánshæfismat kvartanda.

### Úrskurður um skráningu persónuupplýsinga hjá Verði tryggingum hf. Mál nr. 2017111563

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir skráningu Varðar trygginga hf. á persónuupplýsingum sem kvartandi hafði veitt símleiðis til félagsins um slys sem barn kvartanda lenti í, en skráningin átti sér stað þegar kvartandi hafði samband og spurðist fyrir um bótaskyldu. Kvartandi skilaði ekki inn formlegri tjonstilkynningu en slysið var skráð í tjonasögu hans. Komist var að þeirri niðurstöðu að skráning Varðar trygginga hf. á upplýsingunum sem kvartandi veitti símleiðis gæti stuðst við heimild í 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 77/2000, m.t.t. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og jafnframt 7. tölul. 1. mgr. 9. gr. núgildandi laga nr. 90/2018. Í niðurstöðum var ekki fallist á þær röksemdir Varðar trygginga hf. að viðskiptavinir hlytu að gera sér grein fyrir því að efni símtala væri skráð með einhverjum hætti, svo sem félagið bar fyrir sig, og að þar með væri fullnægt þeirri upplýsingaskyldu sem hvíldi á ábyrgðaraðila. Niðurstaðan var því að ekki hefði verið gætt að grunnkröfu um sanngirni samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000, við vinnslu Varðar trygginga hf. á persónuupplýsingum kvartanda.

### Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Varmárskóla Mál nr. 2017111596

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun upplýsinga um son kvartanda á milli Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Varmárskóla. Í úrskurðinum er komist að þeirri niðurstöðu að vinnsla Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar hafi verið heimil á grundvelli laga nr. 83/2003 um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og að vinnsla Varmárskóla hafi verið heimil á grundvelli laga nr. 91/2008 um grunnskóla, en þar er kveðið á um rétt nemenda til að komið sé til móts við námsþarfir þeirra sem og rétt þeirra sem eru með heilsutengdar sérþarfir til að fá sérstakan stuðning í námi. Þá var ekki talið að vinnslan hefði farið gegn meginreglum persónuverndarlaga.

**Úrskurður um meðferð tölvupósthólfis við starfslok**

Mál nr. 2017111621

Persónuvernd úrskurðaði í máli í tilefni af kvörtun vegna meðferðar á tölvupósthólfi við starfslok kvartanda. Kvartað var yfir því að vinnuveitandi kvartanda, [X ehf., sem er fyrirtæki sem starfar á sviði upplýsingaöryggis], hefði skoðað tölvupósthólf hans tveimur mánuðum eftir starfslok, án þess að kvartanda væri veittur kostur á að vera viðstaddur, og afritað sex tölvupósta sem [X ehf.] lagði síðar fram með lögbannsbeiðni á þá háttsemi kvartanda að brjóta gegn samkeppnisbanni ráðningarsamnings. Í málinu var komist að þeirri niðurstöðu að [X ehf.] hefði annars vegar verið heimilt að framkvæma umrædda skoðun og hins vegar að gera það að kvartanda fjarstöddum. Í niðurstöðum var m.a. litið til þeirra viðskiptahagsmuna sem í húfi voru bæði fyrir [X ehf.] og viðskiptavini félagsins og þess að tölvupóstarnir báru ekki með sér að vera einkatölvupóstar. Þá var fallist á að skapast hefði virk hætta á því að kvartandi gæti grafið undan viðskiptahagsmunum félagsins og skaðað hagsmuni þess og viðskiptavina þess hefði [X ehf.] boðið kvartanda að vera viðstaddur skoðunina og því hefði [X ehf.] ekki reynst fært að veita kvartanda tækifæri til að vera viðstaddur. Jafnframt var komist að því að [X ehf.] hefði ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að gefa kvartanda kost á að eyða eða taka afrit af tölvupósti í samræmi við 4. mgr. 9. gr. reglna nr. 837/2006.

**Úrskurður um birtingu leitarniðurstaðna í leitarvél Google**

Mál nr. 2017111685

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem fjallað var um rétt einstaklings til að fá eytt upplýsingum um sig sem birtar voru í leitarniðurstöðum í leitarvél Google, þegar leitað var eftir nafni viðkomandi. Komist var að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af stöðu kvartanda, að hagsmunir almennings af því að hafa aðgang að umræddum upplýsingum vægju þyngra en einkalífshagsmunir kvartanda. Réttur almennings til upplýsingafrelsis var því talinn vikja til hliðar rétti kvartanda til að gleymast.

Í ljósi þess að úrskurðurinn inniheldur nákvæmar upplýsingar um kvartanda, jafnvel þó persónuauðkenni séu afmáð, hefur Persónuvernd ákveðið að birta ekki úrskurðinn í heild sinni. Hins vegar tók Persónuvernd saman útdrátt úr úrskurðinum, sem birtur er á vefsíðu stofnunarinnar.

**Úrskurður um kröfu Sjúkratrygginga Íslands um staðfestingu á heimild til aðgangs að persónuupplýsingum**

Mál nr. 2017121757

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir kröfu Sjúkratrygginga Íslands um sannvottun á því að kvartandi færi með forsjá barna sem hann óskaði aðgangs að persónuupplýsingum um. Nánar tiltekið óskuðu Sjúkratryggingar Íslands eftir að kvartandi aflaði samþykkis hins forsjáraðilans fyrir aðganginum eða framvísaði forsjárvottorði, sem hefði í för með sér kostnað fyrir kvartanda. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að framangreind krafa Sjúkratrygginga Íslands væri eðlileg í þeim tilgangi að sannreyna að viðkomandi hefði heimild til aðgangs að þeim upplýsingum sem um ræddi og að hún hefði því samrýmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

**Úrskurður um gerð skýrslu um lánshæfi hjá Creditinfo Lánstrausti hf.**

Mál nr. 2017121842

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem árangurslaust fjárnám hjá einkahlutafélagi, sem kvartandi átti 20% hlut í, varð til að lækka lánshæfismat hennar. Komist var að þeirri niðurstöðu að mat á lánshæfi einstaklings yrði að byggjast á mati á fjárhag hlutaðeigandi sjálfs og þeim skuldbindingum sem á honum hvíldu. Þar sem ekki hefði verið um slíkt að ræða í tilvikum kvartanda hefði vinnsla persónuupplýsinga um hana vegna gerðar skýrslu um lánshæfi hennar ekki samrýmt persónuverndarlögum.

**Úrskurður um aðgang að dómum á vef Fons Juris ehf.**

Mál nr. 2018010030

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu persónuupplýsinga í dómum sem eru eða hafa verið aðgengilegir á vef Fons Juris ehf. Í úrskurði Persónuverndar er tekin afstaða til tveggja dóma Hæstaréttar Íslands í málum sem kvartandi var aðili að. Í úrskurðinum kveður Persónuvernd á um að Hæstiréttur Íslands sé ábyrgðaraðili að birtingu persónuupplýsinga í dómum réttarins. Fons Juris ehf. sé hins vegar ábyrgðaraðili að þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem felst í að veita aðgang að dómum réttarins, t.d. með leitarmöguleikum í leitarvél á vef félagsins. Fram kemur í úrskurðinum að þeir sem gefa út eða veita aðgang að dómum íslenskra dómstóla, eins og þeir hafa verið birtir af dómstólum, megi almennt gera ráð fyrir því að birting dómanna, af hálfu dómstólanna, sé í samræmi við lög. Hvað varði birtingu persónuupplýsinga í dómum verði því að



telja að Fons Juris ehf. sé heimilt að ganga út frá því að hún samræmist persónuverndarlögum þar til Persónuvernd eða dómstólar hafi komist að niðurstöðu um annað. Að því virtu er niðurstaða Persónuverndar sú að Fons Juris ehf. sé heimilt að veita aðgang að þeim dómum sem birtir eru á vef Hæstaréttar Íslands, eins og þeir birtast þar. Með hliðsjón af framangreindu var einnig talið að Fons Juris ehf. hefði brugðist við, samkvæmt skyldum sínum, með því að taka annan þeirra tveggja dóma sem fjallað er um af vef sínum eftir að Persónuvernd hafði komist að niðurstöðu um að birting persónuupplýsinga í honum samrýmdist ekki persónuverndarlögum.

### Úrskurður um aðgang að upplýsingum hjá Fjölbautaskóla Suðurlands

Mál nr. 2018010062

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir synjun Fjölbautaskóla Suðurlands um afhendingu á lykilorði vegna aðgangs að upplýsingum um ólöggráða dóttur kvartanda í rafræna upplýsingakerfinu Innu. Í málinu voru upplýsingar um forsjáraðila vegna aðgangs að Innu fengnar beint úr þjóðskrá en algengt er að slíkar upplýsingar séu sóttar í skrána þar sem aðilar eru tengdir saman á grundvelli svokallaðra fjölskyldunúmera. Í samskiptum milli kvartanda og skólans, sem fylgdu með kvörtun, var gerð sú krafa að til að viðkomandi yrði bætt við sem forsjáraðila í Innu þyrfti skólanum að berast beiðni frá skráðum forsjáraðilum, en í síðari samskiptum hafði skólinn sjálfur samband við skráða forsjáraðila. Að mati Persónuverndar var talið að eðlilegt geti verið að skráðir forsjáraðilar staðfestu að viðkomandi skyldi hafa aðgang að persónuupplýsingum um ólöggráða börn þeirra, en að jafnframt yrði að bjóða upp á aðrar leiðir fyrir kvartanda til að sannreyna að hann færi í raun með forsjá, svo sem að framvísa forsjárvottorði frá Þjóðskrá Íslands. Þar sem það var ekki gert var Fjölbautaskóli Suðurlands ekki talinn hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína gagnvart kvartanda.

### Úrskurður um miðlun Creditinfo Lánstrausts hf. á netfangi kvartanda til þriðju aðila

Mál nr. 2018020166

Persónuvernd úrskurðaði að Creditinfo Lánstrausti hf. hefði ekki verið heimilt að miðla netfangi kvartanda til þriðju aðila, sem flettu kvartanda upp í skráum fyrirtækisins. Netfangi kvartanda hafði verið miðlað vegna athugasemda kvartanda við uppflettingar af þeirra hálfu. Taldi Persónuvernd að ekki yrði séð að kvartanda hefði mátt vera kunnugt um að netfangi hans kynni að verða miðlað í kjölfar athugasemda hans og því hefði skilyrði 1. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 77/2000 um sanngjarna vinnslu persónuupplýsinga ekki verið uppfyllt. Þegar af þeirri ástæðu

taldi Persónuvernd miðlun netfangsins hafa verið óheimila. Creditinfo hafði, með hliðsjón af athugasemdum kvartanda, látið af miðlun netfanga til þriðju aðila við þessar aðstæður og með hliðsjón af því taldi Persónuvernd ekki tilefni til þess að leggja fyrir Creditinfo fyrirmæli um breytt verklag.

### Úrskurður um birtingu lista yfir starfsmenn sem höfðu gert samgöngusamning við Sjúkratryggingar Íslands

Mál nr. 2018020295

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir því að listi yfir þá starfsmenn Sjúkratrygginga Íslands, sem höfðu gert samgöngusamning við stofnunina, væri birtur á innri vef stofnunarinnar. Í svörum Sjúkratrygginga Íslands sagði að starfsmaðurinn hefði með undirritun samnings samþykkt að nafn hennar yrði birt á innri vef stofnunarinnar. Komist var að þeirri niðurstöðu að í ljósi þess aðstöðumunar sem var á ábyrgðaraðila og kvartanda, þ.e. með vísan til þess að um var að ræða samband vinnuveitanda og starfsmanns, yrði ekki talið að það skilyrði samþykkis að það væri veitt af fúsum og frjálsum vilja hefði verið uppfyllt. Var því komist að þeirri niðurstöðu að birting Sjúkratrygginga Íslands á persónuupplýsingum um kvartanda, á lista yfir þá starfsmenn sem höfðu gert samgöngusamning við stofnunina, hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### Úrskurður um birtingu persónuupplýsinga í Alþingismannatali

Mál nr. 2018020406

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu persónuupplýsinga um kvartanda í Alþingismannatali, sem aðgengilegt er á vef Alþingis. Um er að ræða almennar lýðskrárupplýsingar um kvartanda, s.s. nafn, fæðingardag, nöfn niðja, foreldra og núverandi maka, menntun, svo og opinberar stöður sem viðkomandi hefur gegnt. Í niðurstöðu Persónuverndar er vísað til þess að almenningur hafi af því verulega hagsmuni að vera upplýstur um tengsl og hagsmuni kjörinna fulltrúa á Alþingi og að ekki hafi verið sýnt fram á annað en að hagsmunir almennings af birtingunni gangi framar hagsmunum kvartanda af því upplýsingarnar séu ekki birtar. Var því komist að þeirri niðurstöðu, að heimilt sé að birta í Alþingismannatali almennar lýðskrárupplýsingar um kvartanda, s.s. nafn, fæðingardag, nöfn niðja, foreldra og núverandi maka, menntun, svo og opinberar stöður sem viðkomandi hefur gegnt. Þá var talið heimilt að birta upplýsingar um hvaða þingflokk kvartandi hefur setið á Alþingi fyrir.

### Úrskurður um öflun LÍN á upplýsingum um tekjur maka Mál nr. 2018040639

Persónuvernd hefur úrskurðað í máli um öflun Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) á upplýsingum frá ríkisskattstjóra (RSK) um tekjur maka umsækjanda um undanþágu frá afborgun af láni. Litið var til gagnkvæmrar framfærsluskyldu hjóna, heimilda LÍN til öflunar upplýsinga frá RSK og þeirrar fræðslu sem veitt var. Varð niðurstaðan sú að upplýsingaöflunin hefði samrýmst lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### Úrskurður um meðferð vinnuveitanda á tölvupósthólf Mál nr. 2018040753

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir meðferð vinnuveitanda á tölvupósthólfi á vinnustað kvartanda, Félagsbústöðum, meðan hann var í veikindaleyfi. Kvartað var yfir framsendingu tölvupósts á annan starfsmann án vitundar kvartanda og að starfsánægjukönnun á vegum Gallup hefði verið svarað í hans nafni í gegnum hans tölvupóstfang, án hans vitundar. Í málinu kom fram af hálfu Félagsbústaða að tölvupóstur hefði verið áframsendur til að koma verkefnum sem þangað gætu borist í réttan farveg. Einnig báru Félagsbústaðir fyrir sig að kvartandi hefði verið grunaður um brot á trúnaðar- og vinnuskyldum og því hefði vinnuveitanda verið heimill aðgangur að tölvupósti hans. Kvartanda hafði ekki verið gerð grein fyrir því að hann væri grunaður um fyrrgreind brot. Taldi Persónuvernd að meðferð Félagsbústaða á tölvupósthólfi kvartanda meðan hann var í veikindaleyfi hefði hvorki samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000 né 9. gr. reglna nr. 837/2006. Voru Félagsbústöðum jafnframt veitt fyrirmæli um að setja sér verklagsreglur um meðferð tölvupósts starfsmanna á meðan á starfi stendur og við starfslok, svo og að fræðslu til starfsmanna um rafræna vöktun.

### Ákvörðun um birtingu persónuupplýsinga í opnu bókhaldi Garðabæjar Mál nr. 2018040803

Persónuvernd tók ákvörðun um að birting persónuupplýsinga á vefsíðu Garðabæjar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlög. Í kjölfar fréttamfjöllunar í apríl 2018 um birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu Garðabæjar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins ákvað Persónuvernd að hefja frumkvæðisathugun á því hvort birting framangreindra upplýsinga hefði verið í samræmi við þágildandi persónuverndarlög. Birting upplýsinganna var með þeim hætti að sveitarfélagið nýtti Power BI Service-umhverfi hjá Microsoft í kjölfar ráðgjafar frá KPMG ehf. Hægt var að hægrismella á myndræna framsetningu á bókhaldi bæjarins og fá þá upp valmöguleikann „See records“. Með þeim hætti var hægt að nálgast þau gögn sem lágu til grundvallar myndrænni framsetningu, m.a. persónuupplýsingar.

hjá Microsoft í kjölfar ráðgjafar frá KPMG ehf. Hægt var að hægrismella á myndræna framsetningu á bókhaldi bæjarins og fá þá upp valmöguleikann „See records“. Með þeim hætti var hægt að nálgast þau gögn sem lágu til grundvallar myndrænni framsetningu, m.a. persónuupplýsingar.

Af hálfu Garðabæjar og KPMG ehf. kom fram að fyrrnefndur valmöguleiki hefði ekki verið til staðar þegar kerfið var sett upp. Við rannsókn málsins leitaði Persónuvernd eftir staðfestingu frá Microsoft á Íslandi hf. á því hvenær valmöguleikinn hefði verið tekinn í notkun og fékk staðfest að það hefði verið á fyrri hluta árs 2016.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að birting viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu bæjarins hefði ekki samrýmst lögum nr. 77/2000. Þá var einnig komist að þeirri niðurstöðu að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hefði ekki verið í samræmi við löggin auk þess sem ekki var gerður vinnslusamningur við KPMG ehf. Taldi Persónuvernd það verulega ámælisvert að fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á þessu sviði skyldi viðhafa þau vinnubrögð sem lýst er í málinu, þar með talið að ganga ekki úr skugga um að ekki væri mögulegt að nálgast upplýsingar um einstaklinga í gegnum notkun á Power BI. Þá voru gefin fyrirmæli um að Garðabær gerði viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi vinnslunnar og gerði vinnslusamning við KPMG ehf., og sendi Persónuvernd staðfestingu þar að lútandi fyrir 1. apríl 2019. Í ljósi þess að málsatvik urðu í gildistíð eldri laga, en samkvæmt þeim hafði Persónuvernd ekki heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögnum, kom álagning þeirra ekki til skoðunar í þessu máli.

### Ákvörðun um birtingu persónuupplýsinga í opnu bókhaldi Akraneskaupstaðar

Mál nr. 2018040804

Persónuvernd tók ákvörðun um að birting persónuupplýsinga á vefsíðu Akraneskaupstaðar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlög. Í kjölfar fréttamfjöllunar í apríl 2018 um birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu Akraneskaupstaðar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins ákvað Persónuvernd að hefja frumkvæðisathugun á því hvort birting framangreindra upplýsinga hefði verið í samræmi við þágildandi persónuverndarlög. Birting upplýsinganna var með þeim hætti að sveitarfélagið nýtti Power BI Service-umhverfi hjá Microsoft í kjölfar ráðgjafar frá KPMG ehf. Hægt var að hægrismella á myndræna framsetningu á bókhaldi bæjarins og fá þá upp valmöguleikann „See records“. Með þeim hætti var hægt að nálgast þau gögn sem lágu til grundvallar myndrænni framsetningu, m.a. persónuupplýsingar.

Í málinu var því haldið fram að fyrrnefndur valmöguleiki hefði ekki verið til staðar þegar kerfið var sett upp. Við rannsókn málsins

leitaði Persónuvernd eftir staðfestingu frá Microsoft á Íslandi hf. á því hvenær valmöguleikinn hefði verið tekinn í notkun og fékk staðfest að það hefði verið á fyrri hluta árs 2016.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að birting viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu bæjarins hefði ekki samrýmt lögum nr. 77/2000. Þá var einnig komist að þeirri niðurstöðu að öryggi við vinnslu persónuupplýsinga hefði ekki verið í samræmi við löggin auk þess sem ekki var gerður vinnslusamningur við KPMG ehf. Taldi Persónuvernd það verulega ámælisvert að fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á þessu sviði skyldi viðhafa þau vinnubrögð sem lýst er í málinu, þar með talið að ganga ekki úr skugga um að ekki væri mögulegt að nálgast upplýsingar um einstaklinga í gegnum notkun á Power BI. Þá voru gefin fyrirmæli um að Akraneskaupstaður gerði viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi vinnslunnar og gerði vinnslusamning við KPMG ehf., og sendi Persónuvernd staðfestingu þar að lútandi fyrir 1. apríl 2019. Í ljósi þess að málsatvik urðu í gildistíð eldri laga, en samkvæmt þeim hafði Persónuvernd ekki heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögnum, kom álagning þeirra ekki til skoðunar í þessu máli.

### Ákvörðun um birtingu persónuupplýsinga í opnu bókhaldi Seltjarnarnesbæjar

Mál nr. 2018040805

Persónuvernd tók ákvörðun um að birting persónuupplýsinga á vefsíðu Seltjarnarnesbæjar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins hefði ekki verið í samræmi við persónuverndarlög. Í kjölfar fréttuumfjöllunar í apríl 2018 um birtingu viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu Seltjarnarnesbæjar um einstaklinga sem notið höfðu þjónustu sveitarfélagsins ákvað Persónuvernd að hefja frumkvæðisathugun á því hvort birting framangreindra upplýsinga hefði verið í samræmi við þágildandi persónuverndarlög. Birting upplýsinganna var með þeim hætti að sveitarfélagið nýtti Power BI Service-umhverfi hjá Microsoft í kjölfar ráðgjafar frá KPMG ehf. Hægt var að hægismella á myndræna framsetningu á bókhaldi bæjarins og fá þá upp valmöguleikann „See records“. Með þeim hætti var hægt að nálgast þau gögn sem lágu til grundvallar myndrænni framsetningu, m.a. persónuupplýsingar.

Í málinu var því haldið fram að fyrrnefndur valmöguleiki hefði ekki verið til staðar þegar kerfið var sett upp. Við rannsókn málsins leitaði Persónuvernd eftir staðfestingu frá Microsoft á Íslandi hf. á því hvenær valmöguleikinn hefði verið tekinn í notkun og fékk staðfest að það hefði verið á fyrri hluta árs 2016.

Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að birting viðkvæmra persónuupplýsinga á vefsíðu bæjarins hefði ekki samrýmt lögum nr. 77/2000. Þá var einnig komist að þeirri niðurstöðu að öryggi

við vinnslu persónuupplýsinga hefði ekki verið í samræmi við löggin auk þess sem ekki var gerður vinnslusamningur við KPMG ehf. Taldi Persónuvernd það verulega ámælisvert að fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á þessu sviði skyldi viðhafa þau vinnubrögð sem lýst er í málinu, þar með talið að ganga ekki úr skugga um að ekki væri mögulegt að nálgast upplýsingar um einstaklinga í gegnum notkun á Power BI. Þá voru gefin fyrirmæli um að Seltjarnarnesbær gerði viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi vinnslunnar og gerði vinnslusamning við KPMG ehf., og sendi Persónuvernd staðfestingu þar að lútandi fyrir 1. apríl 2019. Í ljósi þess að málsatvik urðu í gildistíð eldri laga, en samkvæmt þeim hafði Persónuvernd ekki heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á lögnum, kom álagning þeirra ekki til skoðunar í þessu máli.

### Ákvörðun um veitingu aðgangs að efni úr rafrænni vöktun

Mál nr. 2018040806

Persónuvernd tók ákvörðun um að aðgangur sem veittur var að myndefni úr eftirlitsmyndavélum sem sýndi ólöggráða nemendur og viðkvæmar persónuupplýsingar samrýmdist ekki þágildandi lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Málsatvik voru þau að kennarar skóla gripu þrjá nemendur skólans við vímuefnaneyslu á lóð Alþingis. Haft var samband við foreldra barnanna en foreldrar eins þeirra höfnuðu því barnið hefði tekið þátt í neyslunni. Þá var haft samband við skrifstofu Alþingis og óskað eftir aðgangi að efni úr eftirlitsmyndavél, en skólastjóra var veittur slíkur aðgangur. Í ákvörðun Persónuverndar er komist að þeirri niðurstöðu að á grundvelli 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 hafi verið óheimilt að vinna frekar með það efni sem varð til við vöktunina nema samkvæmt ákvörðun Persónuverndar eða með samþykki þeirra sem upptakan var af eða forsjáraðila þeirra. Skrifstofu Alþingis var því óheimilt að veita utanaðkomandi aðilum aðgang að myndefninu, að undanskilinni lögreglu.

### Ákvörðun um notkun Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018

Mál nr. 2018050831

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugunarmáli stofnunarinnar á notkun Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands í því skyni að senda ungum kjósendum, konum 80 ára og eldri og erlendum ríkisborgurum bréf og smáskilaboð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí 2018. Í málinu kom fram að Þjóðskrá afhenti Reykjavíkurborg þrjá lista samkvæmt beiðni

borgarinnar, yfir unga kjósendur í Reykjavík sem höfðu þá í fyrsta sinn kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum, konur 80 ára og eldri búsettar í Reykjavík og erlenda ríkisborgara sem þá höfðu kosningarrétt. Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands notuðu þessar persónuupplýsingar um unga kjósendur til þess að senda þeim bréf í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna. Bréfin voru með mismunandi hvatningarskilaboðum sem voru gildishlaðin og í einu tilviki röng og voru til þess fallin að hafa áhrif á hegðun þeirra í kosningunum. Helmingur ungra kjósenda fékk jafnframt smáskilaboð, m.a. með upplýsingum um kjörstaði. Var tilgangur þessarar vinnslu persónuupplýsinga að rannsaka áhrifamátt hinna ólíku bréfa og smáskilaboðanna á kjörsókn þessa hóps. Þá notaði Reykjavíkurborg framangreindar persónuupplýsingar frá Þjóðskrá einnig til að senda konum 80 ára og eldri og erlendum ríkisborgurum bréf með gildishlöðnum skilaboðum, sem voru til þess fallin að hafa áhrif á hegðun þeirra í kosningunum. Var tilgangur þessarar vinnslu að auka kjörsókn þessara hópa. Niðurstaða Persónuverndar var að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga hefðu Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands ekki gætt að ákvæðum þágildandi persónuverndarlaga, m.a. um að við vinnslu persónuupplýsinga beri að gæta að gagnsæi og fyrirsjáanleika, og hafi því brostið heimild til vinnslunnar. Það var einnig niðurstaða Persónuverndar að Þjóðskrá Íslands hefði ekki gætt að meginreglu þágildandi persónuverndarlaga, um að þess skuli gætt við vinnslu persónuupplýsinga að þær séu nægilegar, víðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar, þegar stofnunin afhenti Reykjavíkurborg upplýsingar um kyn og ríkisfang erlendra ríkisborgara. Loks voru Reykjavíkurborg veittar átölur fyrir að hafa veitt Persónuvernd ófullnægjandi upplýsingar við meðferð málsins.

#### Úrskurður um birtingu og miðlun fundarboðs og fundargerðar húsfélags

Mál nr. 2018050847

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu persónuupplýsinga í fundarboði fyrir húsfélagsfund hjá húsfélagi og miðlun persónuupplýsinga í fundargerð af aðalfundi húsfélagsins til fasteignasölu. Efni fundarboðs og fundargerðar varðaði framkvæmdir kvartanda sem húsfélagið hugðist leita réttar síns vegna og komu íbúðanáúmer kvartanda fram. Kvartað var yfir húsfélaginu og Húsastoð fjöleignarhúsaþjónustu ehf. en fyrir lá að fyrirtækið sá um húsfélagsþjónustu fyrir húsfélagið X, m.a. utanumhald húsfélagsfunda. Í málinu var Húsastoð fjöleignarhúsaþjónusta ehf. talin vera ábyrgðaraðili að umræddi vinnslu, að teknu tilliti til þess að fyrirtækið hefði sérfræðiþekkingu á sviði fjöleignarhúsalaga og framkvæmdar þeirra. Taldi Persónuvernd þær upplýsingar sem fram komu í fundarboði fyrir

húsfund húsfélagsins ekki hafa verið umfram það sem eðlilegt gæti talist og fundarboðið hafi því samrýmt ákvæðum laga nr. 77/2000. Þá var talið að þar sem húsfélögum gæti verið skylt samkvæmt lögum að leggja fram yfirlýsingu við sölu fasteignar í fjöleignarhúsi hefði miðlun Húsastoðar fjöleignarhúsaþjónustu ehf. á fundargerð af aðalfundi húsfélagsins X til fasteignasölu verið í samræmi við ákvæði laga nr. 77/2000.

#### Úrskurður um rafræna vöktun og meðferð myndefnis í íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi

Mál nr. 2018061051

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem foreldrar barns kvörtuðu yfir skoðun íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi ásamt skólalæra og kennara barnsins á myndefni af barninu, sem varð til við rafræna vöktun í íþróttamiðstöðinni. Var kvartað yfir því að foreldrum hefði ekki verið veitt tækifæri til að vera viðstaddir skoðunina nema í viðurvist lögreglu líkt og íþróttamiðstöðin fór fram á. Jafnframt var kvartað yfir að fræðsla og merkingar um rafræna vöktun í íþróttamiðstöðinni væru ófullnægjandi. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að skoðun íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi á myndefninu hefði samrýmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Einnig var komist að þeirri niðurstöðu að neitun íþróttamiðstöðvarinnar um að sýna kvartendum myndefni nema í viðurvist lögreglu hefði ekki samrýmt lögum nr. 77/2000. Þá voru merkingar um rafræna vöktun íþróttamiðstöðvarinnar ekki taldar samrýmast 4. mgr. 14. gr. laga nr. 90/2018 og var íþróttamiðstöðinni gert að senda Persónuvernd staðfestingu á því eigi síðar en 1. september 2019 að bætt hefði verið úr því.

#### Úrskurður um miðlun persónuupplýsinga með fjöldapósti

Mál nr. 2018061183

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir því að ráðgjafi sem starfaði fyrir sérfræðilækni á Klíníkinni Ármúla ehf. hefði miðlað nafni kvartanda og netfangi, auk upplýsinga um næstu mögulegu tímabókanir hennar í ráðgjöf. Voru upplýsingarnar sendar úr netfangi ráðgjafans í fjöldapósti þar sem hver og einn viðtakenda sá nöfn og netföng annarra viðtakenda. Komist var að þeirri niðurstöðu að engin heimild hefði staðið til miðlunarinnar samkvæmt persónuverndarlögum. Þá hefði ráðgjafinn ekki gætt þess að öll meðferð persónuupplýsinga væri í samræmi við vandaða vinnsluhætti ásamt því að ekki var tryggt öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Að mati Persónuverndar var gripið til fullnægjandi ráðstafana til að lágmarka það tjón sem hlotist gat af umræddum öryggisbresti. Lagt var fyrir ábyrgðaraðila að



gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir, sem tækju mið af eðli, umfangi, samhengi, tilgangi og áhættu fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga, til að koma í veg fyrir að sambærilegt tilvik endurtæki sig.

### Úrskurður um notkun ökurita hjá Mannvirkjastofnun

Mál nr. 2018071253

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir notkun ökurita hjá Mannvirkjastofnun. Kvartað var yfir því að verið væri að nota upplýsingar úr ökurita umfram yfirlýstan tilgang þeirra í því skyni að fylgjast með ferðum starfsmanna og að fræðslu hefði verið ábótavant. Komist var að þeirri niðurstöðu að vinnsla persónuupplýsinga tengd notkun á ökurita samrýmdist lögum nr. 90/2018, að undanskildu því að tímalengd varðveislugagna hjá þjónustufyrirtæki samrýmdist ekki 7. gr. reglna nr. 837/2006 um rafræna vöktun. Þá var fræðsla ekki í samræmi við þær reglur. Þá kom fram í úrskurðinum að ámælisvert væri að Mannvirkjastofnun teldi að ekki væri um persónugreinanlegar upplýsingar að ræða og teldi sig því ekki þurfa að gera vinnslusamning. Komist var að þeirri niðurstöðu að þeir skilmálar sem Mannvirkjastofnun samþykkti um vinnslu þjónustufyrirtækisins á upplýsingum úr ökurita væru í raun vinnslusamningur, án þess þó að hann uppfylli öll skilyrði laga nr. 90/2018 þar um. Var það talið verulega ámælisvert að opinber stofnun samþykkti skilmála um vinnslu persónuupplýsinga án þess að gera sér grein fyrir hlutverki sínu sem ábyrgðaraðili. Lagt var fyrir Mannvirkjastofnun að eyða öllum gögnum sem höfðu safnast úr ökurita eldri en 90 daga og gera nýjan vinnslusamning við þjónustufyrirtækið.

### Ákvörðun um vinnslu persónuupplýsinga einvörðungu til persónulegra nota

Mál nr. 2018081261

Persónuvernd tók ákvörðun í máli er varðaði myndatöku nágretta á myndavél í glugga húsnæðis hans og á síma. Í ákvörðun Persónuverndar segir að stofnunin hafi ekki talið tilefni til að nýta sér valdheimildir sínar samkvæmt persónuverndarlögum til að fá aðgang að húsnæði þess sem kvartað var yfir í því skyni að fá úr því skorið hvort hann tæki myndir af kvartanda og sambýlismanni hennar og hvert myndsvið myndavélar í glugga húsnæðis hans væri. Byggði það mat á því að hefði viðkomandi unnið einhverjar persónuupplýsingar um kvartanda og sambýlismann hennar hefði ekkert komið fram í málinu sem benti til þess að hann hefði unnið þær í öðrum tilgangi en einvörðungu til persónulegra nota. Með hliðsjón af 2. mgr. 4. gr. persónuverndarlaga voru löggin því ekki talin gilda um mögulega vinnslu persónuupplýsinga þess sem kvartað var yfir. Var málið því fellt niður.

### Úrskurður um vinnslu persónuupplýsinga vegna mats á umsókn sjúklinga um fyrirbyggjandi meðferð við HIV

Mál nr. 2018081317

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir að einstaklingum, sem óska eftir fyrirbyggjandi meðferð við HIV hjá sóttvarnadeild Landspítalans, sé gert að svara spurningalista, m.a. um kynlíf og kynhegðun, í því skyni að meta megi hættu á því að viðkomandi einstaklingur smitist af veirunni. Jafnframt var kvartað yfir hvernig framkvæmdin væri við svörum spurningalistans. Að mati Persónuverndar var það ekki á hennar færi að endurskoða það læknisfræðilega mat sem sérfræðingar á Landspítalanum viðhafa um áhættugreiningu sjúklinga og viðeigandi meðferð þeirra sem þangað leita. Persónuvernd gerði því ekki athugasemdir við að þeim, sem óska eftir fyrirbyggjandi meðferð við HIV, sé gert að svara umræddum spurningalista. Var þó áréttað að við framangreinda vinnslu bæri sem fyrr að fara að grunnkröfu 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 um að persónuupplýsingar skuli vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

### Úrskurður um framsendingu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á erindi til umboðsmanns borgarbúa

Mál nr. 2018091441

Persónuvernd úrskurðaði um framsendingu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á erindi kvartanda til umboðsmanns borgarbúa. Kvartandi hafði sent erindi á innri endurskoðun og óskað eftir nafnleynd. Fyrir lá að umrætt erindi var framsent af innri endurskoðun Reykjavíkurborgar þar sem ekki var talið að erindið varðaði starfssvið hennar. Var erindið framsent til umboðsmanns borgarbúa sem hefur meðal annars það hlutverk að hafa eftirlit með stjórnslu Reykjavíkurborgar. Var það niðurstaða Persónuverndar að slíkt faglegt mat innri endurskoðunar Reykjavíkur sætti ekki endurskoðun Persónuverndar. Í því sambandi var einnig litið til þess að efni erindisins varðaði ekki viðkvæmar persónuupplýsingar eða aðrar upplýsingar um kvartanda sem háðar eru þagnarskyldu skv. 18. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Með hliðsjón af framangreindu var það niðurstaða Persónuverndar að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar hefði verið heimilt að framsenda umrætt erindi kvartanda til umboðsmanns borgarbúa á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, auk þess sem ekki var talið að farið hefði verið í bága við 1. mgr. 8. gr. laganna.

### Úrskurður um afgreiðslu Reykjavíkurborgar á aðgangsbéðni einstaklings

Mál nr. 2018091443

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir afgreiðslu Reykjavíkurborgar á beiðni einstaklings um aðgang að persónuupplýsingum sínum. Taldi Persónuvernd að skýra bæri 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 svo að þegar fallist er á að veita einstaklingi aðgang beri að gera það innan mánaðar frá móttöku beiðni eða innan þriggja mánaða frá sama tímamarki sé skilyrðum fyrir framlengingu frests fullnægt. Fyrirhugi ábyrgðaraðili að sýnja beiðni beri honum að gera það innan mánaðar, sbr. 4. mgr. sömu greinar. Þar sem Reykjavíkurborg afgreiddi aðgangsbéðni kvartanda eftir að lögbundinn hámarksfrestur var liðinn komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að afgreiðslan hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679.

### Ákvörðun um hvort lögð skuli á sekt vegna gagnagrunns með skattskrárupplýsingum

Mál nr. 2018101507

Persónuvernd tók ákvörðun um hvort lögð skyldi á sekt vegna gagnagrunns með skattskrárupplýsingum. Hinn 28. nóvember 2018 hafði stofnunin tekið ákvörðun þess efnis að gagnagrunnurinn samrýmst ekki lögum og að honum skyldi því eytt. Jafnframt var tilkynnt að til skoðunar væri hvort leggja skyldi á sekt. Í ákvörðuninni um hvort lögð skyldi á sekt var vísað til þess að kröfur til heimilda til álagningar stjórnvaldssekta væru strangari en til heimilda til útgáfu fyriræla eins og um ræddi í fyrri ákvörðun. Þá var vísað til þess vafa sem uppi væri um inntak 2. mgr. 98. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt fram að töku ákvörðunarinnar hinn 28. nóvember 2018. Var komist að þeirri niðurstöðu að eins og málið væri vaxið, og þegar litið væri til þessa vafa, væru ekki forsendur fyrir beitingu sektarheimildar stofnunarinnar.

### Ákvörðun um birtingu skýrslu á vef Stjórnarráðs Íslands

Mál nr. 2018101514

Persónuvernd tók ákvörðun í frumkvæðisathugunarmáli stofnunarinnar varðandi birtingu skýrslu á vef Stjórnarráðs Íslands um úttekt á málsmeðferð og efnislegri athugun velferðarráðuneytisins í kjölfar kvartana tiltekinna barnaverndarnefnda vegna Barnaverndarstofu og forstjóra hennar. Samkvæmt ákvörðun Persónuverndar voru persónugreinanlegar upplýsingar í skýrslunni eins og hún var birt á vef Stjórnarráðsins. Voru þetta meðal annars upplýsingar

um félagsleg vandamál og viðkvæmar persónuupplýsingar. Í niðurstöðunni segir að þótt fallist verði á að birting skýrslna sem feli í sér úttekt á störfum opinberra stjórnvalda geti verið til hagsmuna fyrir almenning þurfi að gæta að því hvaða persónuupplýsingar rétt sé að afmá áður en slíkar skýrslur séu birtar. Þrátt fyrir að upplýsingar um meðferð barnaverndarmála eigi erindi við almenning þá víki það ekki til hliðar rétti einstaklinga, sem upplýsingarnar varða, til verndar samkvæmt persónuverndarlögum. Var það niðurstaða Persónuverndar að slík nauðsyn, sem krafa er gerð um til heimildar fyrir vinnslu samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga, hefði ekki verið fyrir hendi til að birta persónuupplýsingar um hina skráðu á vef Stjórnarráðsins, sem fólu í sér upplýsingar um félagsleg vandamál þeirra og viðkvæmar persónuupplýsingar. Birting skýrslunnar samrýmst því ekki persónuverndarlögum.

### Ákvörðun um vinnslu persónuupplýsinga einvörðungu í þágu fjölmiðlunar

Mál nr. 2018101529

Persónuvernd tók ákvörðun í máli er varðaði myndbirtingu í fréttaumfjöllun þar sem sást í bíl kvartanda. Í ákvörðun Persónuverndar segir að um persónuupplýsingar hafi verið að ræða. Hins vegar hafi efni fréttanna varðað opinbera umræðu og myndefnið verið í samræmi við efnið. Að mati Persónuverndar var ekki talið að með myndbirtingunni hefði verið farið út fyrir efni fréttanna og taldist myndbirtingin þar af leiðandi eingöngu í þágu fréttamennsku. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. persónuverndarlaga gilda því aðeins tilgreind ákvæði laganna um myndbirtinguna og eru ákvæði um valdheimildir Persónuverndar ekki þar á meðal. Niðurstaða Persónuverndar var því að það félli utan valdsviðs stofnunarinnar að skera úr um mörk tjáningarfrelsis þess fjölmiðils sem í hlut átti og persónuverndar kvartanda og að úrlausn slíkra mála heyrði undir dómstóla. Var málinu vísað frá.

### Ákvörðun um vinnslu persónuupplýsinga einvörðungu í þágu fjölmiðlunar

Mál nr. 2018101530

Persónuvernd tók ákvörðun í máli þar sem kvartað var yfir myndbirtingu í fréttaumfjöllun þar sem sást í kvartanda. Í ákvörðun Persónuverndar segir að um persónuupplýsingar hafi verið að ræða. Hins vegar hafi efni fréttanna varðað opinbera umræðu og myndefnið verið í samræmi við efnið. Að mati Persónuverndar var ekki talið að með myndbirtingunni hefði verið farið út fyrir efni fréttanna og taldist myndbirtingin þar af leiðandi eingöngu í þágu fréttamennsku. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. persónuverndarlaga gilda því aðeins tilgreind ákvæði

laganna um myndbirtinguna og eru ákvæði um valdheimildir Persónuverndar ekki þar á meðal. Niðurstaða Persónuverndar var því að það félli utan valdsviðs stofnunarinnar að skera úr um mörk tjáningarfrelsis þess fjölmiðils sem í hlut átti og persónuverndar kvartanda og að úrlausn slíkra mála heyrði undir dómstóla. Var málinu vísað frá.

### Úrskurður um vinnslu Íslandsbanka hf. á persónuupplýsingum viðskiptavinar

Mál nr. 2018111605

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir öryggisbresti sem varð þegar Íslandsbanki hf. sendi upplýsingar um greiðsludreifingu á greiðslukorti á netfang óviðkomandi þriðja aðila. Í niðurstöðu Persónuverndar kemur fram að óumdeilt hafi verið í málinu að bankanum sé heimilt að vinna með umræddar upplýsingar. Hins vegar var uppi ágreiningur um skyldu bankans til að tilkynna um öryggisbrestinn og um meðferð bankans á persónuupplýsingum kvartanda. Í niðurstöðu Persónuverndar segir að með hliðsjón af atvikum öllum, þá sérstaklega eðli og umfangi öryggisbrestsins, hafi ekki verið fortakslaus skylda á Íslandsbanka hf. að tilkynna Persónuvernd og kvartanda um öryggisbrestinn. Hins vegar er það niðurstaða Persónuverndar að vinnsla bankans á persónuupplýsingum kvartanda hafi ekki samrýmst grunnskörfum laga nr. 90/2018 um að upplýsingar skuli vera áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum og að öryggi þeirra sé tryggt. Bankinn hafi ekki tryggt fullnægjandi öryggi persónuupplýsinga kvartanda samkvæmt lögnum og hafi enn fremur ekki sinnt fræðsluskyldu sinni samkvæmt þágildandi lögum nr. 77/2000. Í niðurstöðu Persónuverndar er loks mælt fyrir um að Íslandsbanki hf. geri ráðstafanir til þess að tryggja áreiðanleika upplýsinga greiðslukortahafa og bæti úr fræðslu til viðskiptavina.

### Úrskurður um tölvupóstsendingu Símanum hf. vegna markaðssetningar til viðskiptavinar sem skráður var á bannskrá

Mál nr. 2018111640

Persónuvernd hefur úrskurðað um að Símanum hf. hafi ekki verið heimilt að senda kvartanda markaðs efni í tölvupósti þar sem hann hafði látið skrá andmæli sín við slíkri vinnslu hjá Þjóðskrá Íslands. Í úrskurðinum kemur meðal annars fram að ákvæði 2. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 teljist ekki sérákvæði gagnvart 21. gr. laga nr. 90/2018 og því hafi Símanum hf. borið að bera saman skrá sína yfir þá viðskiptavini sem fyrirhugað var að senda markaðs efni í tölvupósti við bannskrá Þjóðskrár Íslands. Þar sem félagið hafi ekki gætt að andmælum kvartanda hafi vinnslan ekki samrýmst lögum nr. 90/2018.

### Úrskurður um notkun Vinnumálastofnunar á upplýsingum um IP-tölur

Mál nr. 2018121718

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar yfir því að Vinnumálastofnun hefði unnið með upplýsingar um IP-tölu kvartanda utan þess tíma er hún þáði atvinnuleysisbætur, auk þess sem upplýsingarnar hefðu ekki verið réttar. Kvartandi fékk bréf frá Vinnumálastofnun í ágúst 2018 þar sem fram kom að stofnuninni hefðu borist upplýsingar um að hún hefði verið erlendis í júní það ár. Bygðist bréfið á því að IP-tala kvartanda hefði verið skráð í Bretlandi við innskráningu hennar á „Mínar síður“ á vef stofnunarinnar. Umrædd innskráning reyndist hafa verið framkvæmd meðan kvartandi þáði enn atvinnuleysisbætur, en kvartandi kvaðst hafa verið stödd á Íslandi á þeim tíma. Undir rannsókn málsins hjá Persónuvernd lagði kvartandi meðal annars fram gögn sem sýndu fram á að notkun VPN-forrits, sem gerði henni kleift að velja hvar í heiminum IP-tala hennar væri skráð, hefði leitt til þess að IP-tala hennar birtist eins og hún hefði verið stödd í Bretlandi. Í ljósi framangreinds og þess hversu auðvelt er að nálgast og nota VPN-tengingar með þessum hætti er niðurstaða Persónuverndar sú að upplýsingar um IP-tölur uppfylli ekki kröfur laga nr. 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 um áreiðanleika persónuupplýsinga. Vinnslan samrýmst því ekki lögum nr. 90/2018 og var lagt fyrir Vinnumálastofnun að láta af notkun upplýsinga um IP-tölur umsækjenda um atvinnuleysisbætur á meðan ekki væru til úrræði til að staðfesta áreiðanleika þeirra.

### Ákvörðun um gagnaöflun vegna hljóðupptöku á veitingastaðnum Klaustri

Mál nr. 2018121741

Persónuvernd tók ákvörðun, dags. 29. apríl 2019, um hvort aflað skyldi tiltekinna gagna vegna leynilegrar hljóðupptöku á samræðum á veitingastaðnum Klaustri. Lögmaður þeirra sem sættu upptökunni hafði farið fram á öflun tiltekins myndefnis úr eftirlitsmyndavélum, upplýsinga frá fjarskiptafyrirtækjum um símtöl og smáskilaboð tiltekna daga til og frá einstaklingi, sem lýst hafði því yfir að hafa tekið samræðurnar upp, auk upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum um greiðslur inn á reikning sama einstaklings á tilteknu tímabili. Persónuvernd taldi sýnt að í tengslum við vöktunarefni yrði vitnaleiðslna þörf, en slíkt væri aðeins á færi dómstóla. Þá taldi stofnunin sig ekki hafa heimildir að lögum til öflunar fyrrnefndra upplýsinga frá fjarskipta- og fjármálafyrirtækjum. Beiðni um öflun umræddra gagna var því synjað, en jafnframt var tekið fram að málsatvik væru talin nægilega leidd í ljós til að unnt væri að taka málið til efnislegrar úrlausnar, enda yrði ekki fallist á fyrirbyggjandi kröfu um frávisun.

### Úrskurður um hljóðupptöku á veitingastaðnum Klaustri Mál nr. 2018121741

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir leynilegri hljóðupptöku á samtali alþingismanna á veitingastað. Fjallað var um málið meðal annars í ljósi undantekningar frá gildissviði persónuverndarlaga vegna fréttamennsku sem samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólsins tekur ekki eingöngu til fjölmiðla sem slíkra, en sá einstaklingur sem tók upp samtalið var ekki starfsmaður fjölmiðils. Jafnframt var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að í ljósi grunnreglunnar um friðhelgi einkalífs væri ekki hægt að skýra undantekninguna svo að undir hana gæti fallið slík leynileg upptaka sem um ræðir í málinu og að hún hefði því brotið í bága við lög. Hvað varðaði álagningu sektar, sem farið var fram á af hálfu kvartanda, var tekið fram að aðilar að kvörtunarmálum hefðu ekki forræði á hvort lögð yrði á sekt. Þá var litið til kringumstæðna í málinu og dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem fram kom að stjórnámálamenn nytu minni einkalífsverndar en aðrir sem almannapersónur. Með hliðsjón af framangreindu var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru efni til að leggja á sekt. Jafnframt var hins vegar mælt fyrir um eyðingu hljóðupptökunnar. Rétt er að taka fram að upphaflega var ráðgert að birta úrskurðinn sama dag og hann var kveðinn upp. Hins vegar taldi Persónuvernd, við nánari athugun, að gefa þyrfti lögmönnum málsaðila frekara tóm til að kynna úrskurðinn fyrir umbjóðendum sínum.

### Úrskurður um miðlun símtalaskrár og meðferð tölvupósthólf eftir starfslok Mál nr. 2018121779

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun vinnuveitanda á símtalaskrá úr vinnusíma kvartanda til fyrrverandi eiginkonu hans hefði ekki samrýmst lögum nr. 90/2018. Tilgangur miðlunarinnar var talinn óljós auk þess sem hún var ekki talin geta stuðst við neina þeirra heimilda sem 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 hefur að geyma. Þá taldi Persónuvernd meðferð fyrirtækisins á tölvupósthólfi kvartanda ekki í samræmi við reglur nr. 837/2006, um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun eða ákvæði laga nr. 90/2018. Fræðsla til kvartanda var talin ófullnægjandi auk þess sem kvartanda hefði hvorki verið gefinn kostur á að eyða eða taka afrit af einkatölvupósti, né að vera viðstaddur skoðun tölvupósthólfisins. Loks var tölvupósthólfi kvartanda ekki lokað innan tilskilins tíma.

### Álit vegna drónanotkunar Landhelgisgæslunnar Mál nr. 2018122184

Persónuvernd veitti álit um fræðsluskyldu og meðferð persónuupplýsinga vegna drónanotkunar Landhelgisgæslu Íslands við lögbundið fiskveiðieftirlit. Vísaði Persónuvernd til þess að um vinnsluna giltu lög nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Löggin gerðu ekki ráð fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga þyrfti í öllum tilfellum að vera gagnsæ, og þar með væri ekki lögbundið að veita skráðum einstaklingum fræðslu um vinnsluna, heldur félli það í hlut ábyrgðaraðila hverju sinni að framkvæma ákveðið hagsmunamat þar að lútandi. Varðandi meðferð þeirra gagna sem drónarnir gætu aflað var meðal annars fjallað með almennum hætti um reglur um ábyrgðarskyldu lögbærra yfirvalda, vinnsluaðila og mat á áhrifum á persónuvernd.

### Úrskurður um miðlun opinberrar stofnunar á persónuupplýsingum í tengslum við ráðningu Mál nr. 2019020232

Persónuvernd úrskurðaði að miðlun opinberrar stofnunar á persónuupplýsingum um kvartanda í tilkynningu um beiðni hans um aðgang að öllum gögnum ráðningarferlis hjá stofnuninni, sem send var öðrum umsækjendum, hefði samrýmst lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### Úrskurður um vinnslu Íslandshótela hf. á upplýsingum um veikindafjarvistir starfsmanna Mál nr. 2019020490

Persónuvernd hefur úrskurðað um vinnslu Íslandshótela hf. á upplýsingum um veikindafjarvistir starfsmanna í eldhúsi hótels í eigu fyrirtækisins. Listi yfir fjarvistirnar hékk um skeið uppi í rými sem aðgengilegt var öllum starfsmönnum hótelsins, en kvartendur og Íslandshótel hf. greindi á um hvernig það kom til. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að þó að skráning veikindafjarvista starfsmanna gæti talist eðlilegur hluti af starfsemi vinnuveitanda hefðu Íslandshótel hf. ekki tryggt öryggi upplýsinganna líkt og áskilið væri í 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018. Samrýmdist vinnslan því ekki ákvæðum laganna og lagði Persónuvernd fyrir Íslandshótel hf. að setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga um starfsmenn fyrirtækisins.



## Úrskurður um tölvupóstsendingu frá grunnskóla til foreldra nemenda

Mál nr. 2019030533

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir tölvupóstsendingu frá grunnskóla til foreldra nemenda í tilteknum bekk. Í úrskurðinum taldi Persónuvernd að efni tölvupóstsins hefði falið í sér persónugreinanlegar upplýsingar um kvartanda þrátt fyrir að kvartandi hefði ekki verið nafngreindur í honum. Með vísan til almennra heimilda grunnskóla til að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla og til að tryggja almenna velferð og öryggi nemenda samkvæmt grunnskólalögum hefði vinnslan sem fólst í tölvupóstsendingunni hins vegar samrýmst ákvæðum laga nr. 77/2000, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## Álit á afhendingu myndefnis til váttryggingafélags

Mál nr. 2019050979

Persónuvernd veitti álit sitt að beiðni olíufélags á afhendingu útprentaðs myndefnis úr öryggismyndavélakerfi félagsins til váttryggingafélags með bótakröfu til greiðslu tjónskostnaðar þegar olíufélagið verður fyrir tjóni. Í erindi olíufélagsins kemur fram að váttryggingarfélag þess geri kröfu um að með bótakröfu fylgi annaðhvort skriflegt samþykki tjónvalds fyrir tjóni eða óyggjandi sannanir því til stuðnings og að myndefni úr öryggismyndavélum geti þjónað slíkum tilgangi. Persónuvernd taldi að þegar metið væri hvort olíufélaginu væri heimilt að afhenda myndbandsupptökur til váttryggingafélags síns í því skyni að fá tjón greitt þyrfti að meta hvort um væri að ræða almennar persónuupplýsingar, upplýsingar um refsiverðan verknað eða viðkvæmar persónuupplýsingar. Við slíkar aðstæður kynni afhending myndefnis sem sannaði með óyggjandi hætti hver tjónvaldur væri að vera nauðsynleg til að verja lögmæta hagsmuni tjónþola, þ.e. olíufélagsins. Í slíkum tilvikum, eins og þeim var lýst í erindi olíufélagsins, vægju hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefðust verndar persónuupplýsinga ekki þyngra en lögmætir hagsmunir félagsins. Það var því álit Persónuverndar að nefnd miðlun á persónuupplýsingum úr öryggismyndavélakerfi olíufélagsins, sem yrðu til við rafræna vöktun og ekki vörðuðu viðkvæmar persónuupplýsingar eða grun um refsiverða háttsemi, til váttryggingafélags olíufélagsins, gæti stuðst við 6. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, væru upplýsingarnar nauðsynlegar til að sannreyna að tjón hefði átt sér stað en það væri ábyrgðaraðila að meta í hvert sinn hvers eðlis þær persónuupplýsingar væru, sem yrðu til við rafræna vöktun.

## Álit á heimild ríkisskattstjóra til vinnslu persónuupplýsinga við framlagningu álagningarskráa

Mál nr. 20190501018

Persónuvernd veitti álit sitt að beiðni ríkisskattstjóra á vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við framlagningu álagningarskráa. Stofnunin taldi ríkisskattstjóra heimilt að leggja fram upplýsingar um tekjuskatt og útsvar en að heimild brysti til að leggja fram upplýsingar um gjöld einstaklinga í framkvæmdasjóð aldraðra og til Ríkisútvarpsins. Þá nægði notkun nafns, heimilisfangs og fæðingardags til að tryggja örugga persónugreiningu við framlagningu álagningarskráa og því brysti heimild til notkunar kennitölu í því skyni. Jafnframt var það álit Persónuverndar að vinnsla annarra ábyrgðaraðila en ríkisskattstjóra á þeim persónuupplýsingum sem gerðar væru aðgengilegar í álagningarskrám væri háð því að heimild stæði til þeirrar vinnslu og að gætt væri að meginreglum persónuverndarlaga en að umræddir ábyrgðaraðilar bæru sjálfstæða ábyrgð á þeirri vinnslu. Færi vinnslan einvörðungu fram í þágu fjölmiðlunar heyrði hún hins vegar ekki undir valdsvið Persónuverndar. Hið sama ætti við væri vinnslan á vegum einstaklings og upplýsingarnar væru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota.

## Norrænt samstarf

### Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

#### Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra persónuverndarstofnana

Sameiginlegur norrænn fundur forstjóra persónuverndarstofnana, lögfræðinga og sérfræðinga í upplýsingaöryggi var haldinn í Stokkhólmi 6. og 7. maí 2019. Fundurinn var sóttur af forstjóra Persónuverndar, skrifstofustjórum og sérfræðingum í upplýsingaöryggi. Helstu umræðuefni voru afmarkaðir þættir nýrrar Evrópureglugerðar á sviði persónuverndar. Á fundinum var ákveðið að auka enn frekar samvinnu stofnananna, m.a. hvað aðgerðir og eftirlit varðar, skapa tengslanet til að skiptast á upplýsingum um samvinnuna innan EES og að veita persónuverndarfulltrúum stuðning og ráðgjöf. Samvinna stofnananna myndi sem fyrr byggja á norrænum gildum og hefðum sem feli í sér virðingu fyrir grundvallarréttindum og frelsi einstaklinga. Undirrituðu forstjórar allra norrænu stofnananna svokallaða Stokkhólmsyfirlýsingu þar sem þetta kom fram.

## Evrópskt og alþjóðlegt samstarf

### Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) tók til starfa þann 25. maí 2018 þegar evrópska persónuverndarreglugerðin kom til framkvæmda innan ESB, í samræmi við 68. gr. hennar. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2018 frá 6. júlí 2018 eiga EES/EFTA-löndin fulla aðild að ráðinu, án atkvæðisréttar, en afstaða þeirra skal skráð sérstaklega. Evrópska persónuverndarráðið, sem heldur fundi sína í Brussel, er skipað forstjórum og öðrum háttsettum fulltrúum persónuverndarstofnana í aðildarríkjum EES, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, Evrópsku persónuverndarstofnuninni (EDPS) og Eftirlitsstofnun EFTA. Á árinu 2019 voru haldnir 11 fundir, þ.e. 22.-23. janúar, 12. febrúar, 12.-13. mars, 9.-10. apríl, 14.-15. maí, 4. júní, 9.-10. júlí, 10. september, 8.-9. október, 12.-13. nóvember og 2.-3. desember. Fundirnir voru sóttir af forstjóra og skrifstofustjóra upplýsingaöryggis (síðar sviðsstjóra erlends samstarfs og fræðslu).

Helstu skjöl sem ráðið samþykkti á árinu eru eftirtalin:

- » Tilmæli nr. 1/2019 varðandi drög Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (European Data Protection Supervisor) að lista yfir vinnsluaðgerðir sem þurfa að fara í mat á áhrifum á persónuvernd (4. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725).
- » Leiðbeiningar nr. 1/2019 um hátternisreglur og eftirlitsaðila skv. reglugerð (ESB) 2016/679 (persónuverndarreglugerðinni).
- » Leiðbeiningar nr. 2/2019 um vinnslu persónuupplýsinga skv. b-lið 1. mr. 6. gr. persónuverndarreglugerðarinnar við veitingu þjónustu í upplýsingasamfélaginu.
- » Leiðbeiningar nr. 3/2019 um vinnslu persónuupplýsinga með notkun myndupptökubúnaðar.

- » Leiðbeiningar nr. 4/2019 um 25. gr. persónuverndarreglugerðarinnar um innbyggða og sjálfgefna persónuvernd.
- » Leiðbeiningar nr. 5/2019 um mælikvarða í tengslum við réttinn til að gleymast í málum er varða leitarvélur (fyrsti hluti) – útgáfa fyrir samráð.
- » Álit nr. 3/2019 varðandi spurningar og svör vegna samspils reglugerðar um klínískar lyfjarannsóknir og persónuverndarreglugerðarinnar.
- » Álit nr. 4/2019 um drög að stjórnvaldsráðstöfun vegna flutnings persónuupplýsinga milli fjármálaeftirlitsstofnana innan EES til sambærilegra stofnana utan svæðisins.
- » Álit nr. 5/2019 um samspil tilskipunar um persónuvernd í fjarskiptum og persónuverndarreglugerðarinnar, þá sérstaklega hvað varðar valdsvið, hlutverk og valdheimildir persónuverndarstofnana.
- » Álit nr. 8/2019 um valdsvið persónuverndarstofnunar þegar breytingar verða á höfuðstöðvum lögaðila
- » Álit nr. 14/2019 um drög að stöðluðum samningsskilmálum dönsku persónuverndarstofnunarinnar (8. mgr. 28. gr. persónuverndarreglugerðarinnar).
- » Álit nr. 15/2019 um drög að ákvörðun bresku persónuverndarstofnunarinnar varðandi bindandi fyrirtækjareglur Equinix Inc.
- » Álit nr. 16/2019 um drög að ákvörðun belgísku persónuverndarstofnunarinnar varðandi bindandi fyrirtækjareglur ExxonMobil Corporation.
- » Ráðið samþykkti einnig fimm álit varðandi drög að listum fimm persónuverndarstofnana, þ.m.t. Persónuverndar, yfir vinnsluaðgerðir sem þurfa ávallt að fara í mat á áhrifum á persónuvernd. Þau álit eru nr. 1/2019, 2/2019, 6/2019, 7/2019 og 10/2019.
- » Ráðið samþykkti tvö álit varðandi drög persónuverndarstofnana að vottunarkröfum fyrir eftirlitsaðila skv. 41. gr. persónuverndarreglugerðarinnar og eru þau nr. 9/2019 og 17/2019.
- » Ráðið samþykkti einnig þrjú álit varðandi drög að listum þriggja persónuverndarstofnana yfir vinnsluaðgerðir sem þurfa ekki að fara í mat á áhrifum á persónuvernd. Þau álit eru nr. 11/2019, 12/2019 og 13/2019.
- » Yfirlýsing EDPB nr. 1/2019 varðandi löggjöf Bandaríkjanna um skattlagningu erlendra reikninga (FATCA).
- » Yfirlýsing EDPB nr. 2/2019 varðandi notkun persónuupplýsinga í stjórnmalabaráttu, auk viðauka.
- » Yfirlýsing EDPB nr. 3/2019 varðandi reglugerð ESB um persónuvernd í fjarskiptum.
- » Framlag EDPB til samráðsferlis vegna annarrar viðbótarbókunar við Sáttmála Evrópuráðsins um netglæpi.
- » Önnur árleg skýrsla EDPB vegna EU – U.S. Privacy Shield.
- » Þriðja árlega skýrsla EDPB vegna EU – U.S. Privacy Shield.
- » Röksemdir EDPB fyrir Evrópudómstólnum í máli C-311/18 (Facebook Ireland og Schrems).
- » Skýrsla EDPB til LIBE-nefndarinnar um innleiðingu persónuverndarreglugerðarinnar.
- » Upplýsingar vegna miðlunar persónuupplýsinga samkvæmt persónuverndarreglugerðinni ef Bretland gengur út án samnings.

## **Þátttaka í sérfræðingahópum Evrópska persónuverndarráðsins**

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir nokkra sérfræðingahópa sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnananna sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum EDPB, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd.

Á árinu 2019 tók Persónuvernd þátt í starfi tveggja hópa, þ.e. sérfræðingahóps um samfélagsmiðla (Social Media Expert Subgroup) og sérfræðingahóps um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar (Key Provisions Expert Subgroup).

Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla hélt fimm fundi á árinu, þ.e. 26. febrúar, 17. apríl, 11. júní, 20. september og 27. nóvember. Sviðsstjóri eftirlits hjá Persónuvernd sótti fundina. Var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í síðastnefnda fundinum.

Þá hóf Persónuvernd þátttöku í sérfræðingahópi EDPB um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar í september 2019 og sótti sviðsstjóri eftirlits hjá Persónuvernd fundi hópsins 23. september, 16. október og 25.-26. nóvember. Var fjarfundabúnaður nýttur til þátttöku í tveimur síðastnefndu fundunum.

## **Samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA um persónuvernd**

Hér er um að ræða samstarf vinnuhóps sérfræðinga EFTA sem heyrir undir undirnefnd II hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Í vinnuhópnum sitja fulltrúar ráðuneyta EFTA-rikkjanna, sendiráða þeirra í Brussel og persónuverndarstofnana sem koma að innleiðingu gerða Evrópusambandsins í landsrétt EFTA-rikkjanna. Enginn fundur var haldinn í vinnuhópnum árið 2019.

## **Samstarf á vettvangi Evrópuráðsins**

Ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd (T-PD), sem starfar á grundvelli Evrópuráðssamnings nr. 108 um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981, hélt tvo fundi á árinu og sótti formaður stjórnar Persónuverndar þá fundi. Kostnaður vegna fundanna var greiddur af Evrópuráðinu.

Á 38. fundi nefndarinnar sem var haldinn í Strassborg 13. og 14. júní var meðal annars hlýtt á skýrslu Joseph Cannataci, sérstaks fulltrúa Sameinuðu þjóðanna um einkalífsvernd, um stöðu mála varðandi aðgerðir til að tryggja einkalífsvernd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og ræddar voru helstu áskoranir sem þar eru til umfjöllunar, meðal annars um leynilegt eftirlit í þágu þjóðaröryggis í mörgum ríkjum heims. Þá var rætt um niðurstöður nokkurra úttekta sem kynntar voru fyrir nefndinni, svo sem úttektar á andlitsgreiningartækni og úttektar á persónuvernd í skólum.

Á 39. fundi nefndarinnar sem fram fór 19.-21. nóvember var megináhersla lögð á umræður um hvernig koma mætti á virkri eftirfylgni nefndarinnar með því hvernig aðildarríki að uppfærðum Evrópuráðssamningi nr. 108 kæmu skyldum sínum í framkvæmd. Þá voru einnig samþykkt drög að tilmælum til samþykktar hjá ráðherranefndinni um áhrif af notkun algríma á mannréttindi (e. The Human Rights Impact of Algorithmic Systems), sem send yrðu stýriningfnd Evrópuráðsins um mannréttindi (CDDH) til endanlegrar afgreiðslu.

## **41. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana**

41. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Tirana 21.-24. október 2019. Forstjóri og sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu sóttu ráðstefnuna.

## Norrænar persónuverndarstofnanir halda áfram nánu samstarfi

Forstjóri Persónuverndar, ásamt forstjórum systurstofnana sinna á Norðurlöndunum, undirritaði hinn 8. maí yfirlýsingu um aukna samvinnu á sviði persónuverndarmála á árlegum samstarfsfundi stofnananna. Tilgangur yfirlýsingarinnar er að styrkja enn frekar norræna samvinnu, meðal annars með því að vinna saman að stefnumótun á sviði eftirlitsaðgerða og auka upplýsingaskipti á milli stofnananna.

Norrænu persónuverndarstofnanir hafa lengi átt með sér samvinnu, en með tilkomu persónuverndarreglugerðarinnar er slík samvinna mikilvægari en nokkuð sinni fyrir. Á fundi ársins fóru fram hnitmiðaðar umræður um sameiginleg áform um eftirlit og ítarlegri ESB-samvinnu og upplýsingaskipti. Yfirlýsingin var undirritað sem fyrir segir á árlegum fundi norrænna persónuverndarstofnana, sem í ár var

skipulagður af sænsku persónuverndarstofnunni og fór fram í Stokkhólmi.

Í yfirlýsingunni kemur meðal annars fram að norrænu stofnanirnar skuldbindi sig til að vinna saman, meðal annars hvað aðgerðir og eftirlit varðar, að skapa tengslanet til að skiptast á upplýsingum um samvinnuna innan EES og að veita persónuverndarfulltrúum stuðning og ráðgjöf.

Samvinna stofnananna muni sem fyrir byggja á norrænum gildum og hefðum sem feli í sér virðingu fyrir grundvallarréttindum og frelsi einstaklinga.



*Forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna bera saman bækur sínar.*



## Persónuvernd var valin stofnun ársins árið 2019 – þriðja árið í röð



Niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2019 voru kynntar 15. maí á Hilton Reykjavík Nordica að viðstöddu fjölmenni.

Persónuvernd var valin stofnun ársins í flokki stofnana með færri en 20 starfsmenn þriðja árið í röð, en könnunin var nú gerð í fjórtánda sinn.

## IAPP Data Protection Intensive 2019 – München í Þýskalandi 18. september 2019

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, tók þátt í pallborðsumræðum á ráðstefnu IAPP í München í Þýskalandi þann 18. september 2019. Yfirskrift pallborðsins var „A Regulator’s View“. Umræðum stýrði Milla Keller hjá bresku lögmansstofunni Bird & Bird en þátttakendur voru, auk Helgu, Piotr Drobek, yfirmaður

hjá pólsku persónuverndarstofnuninni, og Anu Talus, aðstoðarumboðsmaður persónuverndar í Finnlandi. Í umræðum pallborðsins var rætt um samband eftirlitsyfirvalda og fyrirtækja, starf EDPB og virkni samræmingarkerfisins.

*Forstjóri Persónuverndar tók þátt í pallborðsumræðum um samband eftirlitsyfirvalda og fyrirtækja, starf EDPB og virkni samræmingarkerfisins*



## Samtal um þjóðaröryggi, tækni og grunngildi

Þann 25. september 2019 var haldinn opinn fundur í Norræna húsinu á vegum Þjóðaröryggisráðs undir yfirskriftinni *Samtal um þjóðaröryggi: Tækni og grunngildi*.

Um var að ræða annan af tveimur opnum fundum Þjóðaröryggisráðs um fjölbáttáógnir (e. hybrid threats). Á fundinum var fjallað um tækniþróun og áhrif hennar á grunngildi þess samfélags sem við búum í. Rætt var um þá möguleika sem tæknin býður upp á til að hafa áhrif, hverjir nýta sér tæknina, í hvaða tilgangi og með hvaða árangri og loks hvernig hægt er að bregðast við þegar um brot er að ræða.

Frummælendur á fundinum voru Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, og Þór Matthíasson, þróunarstjóri hjá Svartagaldri.

Að erindum loknum tóku Sigurður Emil Pálsson, formaður Netöryggisráðs og Huginn Freyr Þorsteinsson, sérfræðingur hjá Aton.JL, þátt í pallborðsumræðum ásamt frummælendum.

Fundarstjóri var Svana Helen Björnsdóttir, formaður Verkfræðingafélags Íslands.



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, svarar fyrirspurnum í pallborðsumræðum.



## Njóta börn nægrar persónuverndar í stafrænum heimi?

Ráðstefna um nýjar áskoranir sem varða persónuvernd barna í stafrænum heimi



Ísak Hugi Einarsson og Vigdís Sóley Vignisdóttir, úr ráðgjafahópi umboðsmanns barna, flytja erindi á ráðstefnunni.

Hinn 18. október 2019 var haldin ráðstefna á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, Norrænu ráðherranefndarinnar, dómsmálaráðuneytisins, Persónuverndar og dómstólasýslunnar í hátíðarsal Háskóla Íslands.

Á ráðstefnunni komu saman norrænir fræðimenn og hagsmunaaðilar, og fjölluðu um nýjar áskoranir sem varða persónuvernd barna í stafrænum heimi. Fjöldmörg áhugaverð erindi voru flutt á ráðstefnunni og sköpuðust góðar umræður að þeim loknum, meðal annars með fyrirspurnum ráðstefnugesta.



Frá ráðstefnunni, sem fram fór í hátíðarsal Háskóla Íslands.

*Börn njóta sérstakrar verndar í persónuverndarlöggjöfinni.*



Salvör Nordal, umboðsmaður barna, og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, dómsmálaráðherra tóku þátt í ráðstefnu um persónuvernd barna.

## 41. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana - Tirana í Albaníu 21.-24. október (ICDPPC)



Ráðstefnugestir fyrir utan ráðstefnusalinn, Palace of Congresses í Tirana.

41. alþjóðaráðstefna forstjóra persónuverndarstofnana var haldin í Tirana í Albaníu dagana 21.-24. október 2019. Ráðstefnan er mikilvægur samráðsvettvangur forstjóra persónuverndarstofnana alls staðar að úr heiminum og skiptist í tvennt. Fyrri helmingur hennar er lokaður og eingöngu ætlaður persónuverndarstofnunum en síðari hluti hennar er opinn öllum sem hafa áhuga. Á ráðstefnunni var m.a. fjallað um hinar fjölmörgu áskoranir tengdar vinnslu persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs sem heimurinn stendur frammi fyrir í kjölfar mikilla tækniframfara síðastliðin ár. Í því sambandi lagði fundurinn áherslu á mikilvægi samleitni í regluverki á milli heimsálfa. Þá væri einnig mikilvægt að auka enn frekar á samráð og samvinnu eftirlitsstofnana, stjórnvalda, atvinnulífsins og borgaranna. Á fundinum voru samþykktar sex ályktanir,

m.a. um mannleg mistök í tengslum við öryggisbresti, um stuðning við samvinnu persónuverndarstofnana, stofnana sem hafa eftirlit með neytendamálum og samkeppnisyfirlvalda, og um samfélagsmiðla og birtingu upplýsinga í tengslum við ofbeldi og öfgahópa á Netinu.

Loks var samþykkt að ráðstefnan fengi nýtt nafn, Global Privacy Assembly (Allsherjarþing persónuverndarstofnana).



## Starfsmenn Persónuverndar kynna sér starfsemi írsku persónuverndarstofnunarinnar í Dublin

Dagana 12.-15. september fóru starfsmenn Persónuverndar í kynnisferð til Dublin.

Á Írlandi eru mörg stærstu tækni-fyrirtæki Evrópu staðsett, svo sem Facebook og Google, og af þeim sökum hefur írski persónuverndarstofnunin verið í brennidepli og verið mikilvægur þátttakandi í evrópsku persónuverndarstarfi.

Ferðin var skipulögð sem fræðsluferð til að kynna starfsemi systurstofnunar Persónuverndar á Írlandi og fá innsýn í verklag, skipulag og þróun í starfseminni þar, með það að leiðarljósi að nýta þá þekkingu hjá Persónuvernd.

Allir starfsmenn Persónuverndar tóku þátt í ferðinni. Mikið álag er á persónuverndarstofnunum í Evrópu um þessar mundir, þar sem þeim berast nú margfalt fleiri mál til úrlausnar en áður. Mikilvægt er því fyrir alla starfsmenn Persónuverndar að fylgjast með starfsemi annarra persónuverndarstofnana, meðal annars svo samnýta megi þá þekkingu sem þær búa yfir.

Einnig heimsóttu starfsmenn samfélagsmiðilinn LinkedIn og fengu kynningu á því hvernig persónuverndarmálum er hagað þar og hvernig aðlögun starfseminnar að nýrri persónuverndarlöggjöf hefur gengið fyrir sig.

*Vel var tekið á móti starfsmönnum Persónuverndar á skrifstofum írsku systurstofnunarinnar í Dublin og hlýddu starfsmenn á fjölmörg áhugaverð erindi, þar á meðal frá forstjóra hennar, Helen Dixon. Þá fluttu starfsmenn Persónuverndar einnig erindi fyrir starfsmenn írsku stofnunarinnar*



*Litið var inn á skrifstofur LinkedIn þar sem starfsmenn Persónuverndar kynntu sér starfsemina.*

## Nokkur hugtök

### Persónuupplýsingar

Upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling („skráðan einstakling“); einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti.

### Viðkvæmar persónuupplýsingar

- Upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmálaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun eða aðild að stéttarfélagi.
- Heilsufarsupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða líkamlegt eða andlegt heilbrigði einstaklings, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu sem hann hefur fengið, og upplýsingar um lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun.
- Upplýsingar um kynlíf manna og kynhneigð.
- Erfðafræðilegar upplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem varða arfgenga eða áunna erfðaeiginleika einstaklings sem gefa einkvæmar upplýsingar um lífeðlisfræði eða heilbrigði einstaklingsins og fást einkum með greiningu á líffræðilegu sýni frá viðkomandi einstaklingi.
- Lífkenauupplýsingar, þ.e. persónuupplýsingar sem fást með sérstakri tæknivinnslu og tengjast líkamlegum, lífeðlisfræðilegum eða atferlisfræðilegum eiginleikum einstaklings og gera það kleift að greina eða staðfesta deili á einstaklingi með ótvíræðum hætti, svo sem andlitsmyndir eða gögn um fingraför, enda sé unnið með upplýsingarnar í því skyni að persónugreina einstakling með einkvæmum hætti.

### Vinnsla

Aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki, svo sem söfnun, skráning, flokkun, kerfisbinding, varðveisla, aðlögun eða breyting, heimt, skoðun, notkun, miðlun með framsendingu, dreifing eða aðrar aðferðir til að gera upplýsingarnar tiltækar, samtenging eða samkeyrsla, aðgangstakmörkun, eyðing eða eyðilegging.

### Skrá

Skipulegt safn persónuupplýsinga sem er aðgengilegt samkvæmt tilteknum viðmiðunum, hvort heldur það er miðlægt, dreift eða skipt upp eftir notkun eða staðsetningu.

### Ábyrgðaraðili

Einstaklingur, lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

### Vinnsluaðili

Einstaklingur eða lögaðili, stjórnvald eða annar aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

### Rafræn vöktun

Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Hugtakið tekur til:

- vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga og
- sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.

### Gerð persónusniðs

Sjálfvirk vinnsla persónuupplýsinga sem felst í því að nota persónuupplýsingar til að meta ákveðna þætti er varða hagi einstaklings, einkum að greina eða spá fyrir um þætti er varða frammistöðu hans í starfi, fjárhagsstöðu, heilsu, smekk, áhugamál, áreiðanleika, hegðun, staðsetningu eða hreyfanleika.

### Öryggisbrestur við vinnslu persónuupplýsinga

Brestur á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögðrættar eyðingar persónuupplýsinga eða þess að þær glattist, breytist, verði birtar eða aðgangur verði veittur að þeim í leyfisleysi.

### Samþykki

Óþvinguð, sértæk, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða um að hann samþykki, með yfirlýsingu eða ótvíræðri staðfestingu, vinnslu persónuupplýsinga um sig.

## Stefnumótunardagur hjá Persónuvernd

Þann 17. maí 2019 hélt Persónuvernd stefnumótunardag með starfsmönnum stofnunarinnar. Tilgangur dagsins var að undirbúa nýja skiptingu sviða og greiningu á helstu málaflokkum og verkefnum stofnunarinnar. Var starfsmönnum skipt í tvo hópa sem hvor um sig greindi dagleg verkefni allra í þeim tilgangi að koma auga á hvaða verkefni vega þyngst í daglegri starfsemi stofnunarinnar. Lokaafurð dagsins birtist síðar í nýju skipuriti stofnunarinnar sem samþykkt var í september 2019 sem og greiningu á helstu málaflokkum sem stofnunin sinnir.



*Starfsmenn Persónuverndar á stefnumótunardegi.*

## Sviðsstjórar hjá Persónuvernd

Hjá Persónuvernd starfa þrír sviðsstjórar – Helga Sigríður Þórhallsdóttir, Vigdís Eva Líndal og Þórður Sveinsson.

### Helga Sigríður Þórhallsdóttir sviðsstjóri eftirlits

#### Hversu lengi hefur þú starfað hjá Persónuvernd?

Frá því í desember 2015.

#### Hver er bakgrunnur þinn? Hvar starfaðir þú áður en þú komst til starfa hjá Persónuvernd?

Ég kom til Persónuverndar frá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Þar áður vann ég við ýmis mál tengd fasteignum.

#### Hvað í vinnunni tekur mestan tíma þinn?

Það getur verið mjög breytilegt frá degi til dags. Oft er mikið um að vera á skrifstofu Persónuverndar þar sem hingað berast mál af ýmsum toga sem getur þurft að bregðast hratt við. Að öðru leyti fer tíminn í að sinna þeim málum sem heyra undir eftirlitssviðið, sem ég stýri, en það eru fyrst og fremst kvartanir sem berast Persónuvernd. Í því felst til dæmis að leiðbeina lögfræðingum á sviðinu við afgreiðslu mála, yfirfara drög að úrskurðum, ákvörðunum og öðrum skjölum og skipuleggja starfið á sviðinu.

#### Varstu staðráðin í því frá unga aldri að verða lögfræðingur?

Nei, ég ákvað það ekki fyrr en um það leyti sem ég lauk menntaskólanámi. En ég hef alltaf verið ánægð með þá ákvörðun – lögfræðin er skemmtilegt fag og snertir flestar hliðar samfélagsins.

#### Hvað heillar þig við að starfa hjá Persónuvernd?

Það er fjölmargt. Sem dæmi má nefna að viðfangsefnin eru mjög fjölbreytt og sífellt ný álitæfni sem þarf að leysa úr. Á þessu réttarsviði þarf til dæmis bæði þekkingu á grundvallarréttindum einstaklinga en líka á tækninni og því sem henni fylgir – og öllu þar á milli. Svo skemmir ekki fyrir hversu góður starfsandi er hjá Persónuvernd.

#### Hverjar telur þú vera stærstu áskoranir persónuverndar í dag?

Persónuupplýsingar geta verið mjög verðmætar í dag, ekki síst fyrir stór tæknifyrirtæki sem vinna með ógrynni af alls kyns upplýsingum um fólk. Þetta er svolítið nýr veruleiki og mér finnst hann ekki bara fela í sér áskorun

gagnvart persónuvernd einstaklinga heldur líka víðtækari áskorun sem snýr að því hvernig samfélagi við viljum lifa í. Ég held samt að fólk sé almennt mun meðvitaðra um persónuverndina í dag en bara fyrir nokkrum árum síðan og skilningur hefur aukist á þeim hættum sem persónuverndarlöggjöfinni er ætlað að vernda okkur öll gegn. Persónuverndin felur líka í sér ýmis tækifæri, svo sem fyrir þá sem vinna við nýsköpun og upplýsingatækni, og það er mikilvægt að tryggja að hugað sé að henni frá byrjun – til dæmis við þróun hugbúnaðar eða við setningu laga.

#### Telur þú að ógnir og áskoranir persónuverndar verði aðrar í framtíðinni?

Persónuverndin er síbreytilegt svið og fylgir svolítið þróun samfélagsins og tækninnar. Að því leytinu til geta viðfangsefnin tekið ákveðnum breytingum, til dæmis í takt við breytingar á þjóðfélaginu almennt. Í grunninn snýst þetta þó alltaf um að virða grunngildin í samfélaginu og réttindi einstaklinganna, meðal annars til að njóta friðhelgi um sitt einkalíf.









## Vigdís Eva Líndal

*sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu*

---

### Hversu lengi hefur þú starfað hjá Persónuvernd?

Ég hóf störf sem lögfræðingur hjá Persónuvernd 1. janúar 2010, þannig að þegar þetta viðtal er tekið þá er ég að ná upp í 11 ár.

### Hver er bakgrunnur þinn? Hvar starfaðir þú áður en þú komst til starfa hjá Persónuvernd?

Áður var ég hjá iðnaðarráðuneytinu í tvö ár eftir útskrift.



## Hvað í vinnunni tekur upp mestan tíma þinn?

Það er svo margt enda starfið mjög fjölbreytt. Mikill tími fer yfirleitt í yfirlestur á ýmsum skjölum frá lögfræðingum, allt frá drögum að úrskurðum yfir í drög að svörum við fyrirspurnum til einstaklinga. Þá þarf að sinna ýmsum verkefnum á borð við kynningar ýmiss konar og svara erindum frá stjórnvöldum og fyrirtækjum. Sem sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu getur líka talsverður tími farið í þátttöku í fundum erlendis, einna helst fundum Evrópska persónuverndarráðsins – sem eru að jafnaði einu sinni í mánuði í Brussel.

## Varstu staðráðin í því frá unga aldri að verða lögfræðingur?

Nei, alls ekki. Nánast allir í fjölskyldunni eru lögfræðingar og mér fannst í raun og veru óþarfi að bæta öðrum við – ég ætlaði því í sagnfræði. Ég fór síðan á kynningu hjá lagadeildinni, eiginlega fyrir slysi og þá varð ekki aftur snúið.

## Hvað heillar þig mest við að starfa hjá Persónuvernd?

Þegar ég sá að Persónuvernd var að auglýsa eftir lögfræðingi þá fannst mér þetta mjög spennandi vinnuumhverfi. Ég hef alltaf fylgst vel með tækninýjungum og haft ágætis tæknilæsi – og persónuverndin er nátengd því. Svo fékk ég hæstu einkunnina mína í laganáminu í persónuverndarrétti og því lá það nokkuð beint við að sækja um.

## Hverjar telur þú vera stærstu áskoranir persónuverndar í dag?

Ég held að stærsta áskorunin sé að takast á við síbreytilegan heim tækninnar og að ákveða hvernig heimi við viljum lifa í. Þegar maður fylgist t.d. með umræðu um sjálfvirkni er mjög mikilvægt að hugsa um þetta og hvort við viljum lifa í heimi þar sem tæknin tekur allar ákvarðanir fyrir okkur. Ég hugsa oft um hvar þetta endi – munum við aldrei þurfa að hugsa um hverjar séu okkar raunverulegu þarfir

og langanir, s.s. hvað við viljum starfa við, hvaða blómynd við viljum horfa á eða hvaða stjórnmalaskoðanir við aðhyllumst? Hvaða áhrif mun slíkt hafa á samfélög og gagnrýna hugsun? Ég held að fæstir vilji búa við slíka heimsmynd en á sama tíma tökum við tækninni oft fagnandi athugasemdalaust. Því finnst mér mikilvægt að við setjum upp gagnrýnisglæraugun hér og finnum upp lausnir sem eru gagnsæjar og bjóða upp á sveigjanleika fyrir notendur.

## Telur þú að ógnir og áskoranir persónuverndar verði aðrar í framtíðinni? Ef svo er, þá hverjar?

Í raun ekki – þetta er í grunninn alltaf það sama, þ.e. hvernig heimi viljum við lifa í og hvað ætlum við að gera til að sá heimur verði að veruleika.

## Hvernig liti heimur okkar út án persónuverndar?

Það er erfitt að segja en ég held að allir geti verið sammála um að við værum á undarlegum stað. Í Bandaríkjunum er lítil sem engin persónuvernd og því má um sumt líta til þeirra hvað skort á persónuvernd varðar. Persónuverndarlögin í Evrópu eru tilkomin vegna þeirra mannréttindabrota sem framin voru í seinni heimstyrjöldinni og í Sovétríkjunum eftir lok hennar. Þar var um að ræða óhefta söfnun persónuupplýsinga um uppruna fólks, hegðun þess og hvaðeina sem yfirvöldum datt í hug. Með persónuverndarlögum var komið í veg fyrir söfnun sem þessa að mörgu leyti. Hins vegar stöndum við þó frammi fyrir miklum áskorunum hvað varðar t.d. upplýsingasöfnun stórfyrirtækja og ekki síður upplýsingasöfnun leyniþjónustuaðila. Persónuverndarlögin færa okkur ákveðin töl sem við sem einstaklingar getum nýtt okkur – til að standa vörð um okkar réttindi. Má þar helst nefna kröfu um fræðslu, rétt til leiðréttingar og eyðingar og rétt til að andmæla. Það má alveg sjá fyrir sér að án persónuverndarlöggjafar

væru þessi réttindi ekki til staðar og einstaklingar hefðu jafnvel enga vitneskju um þá vinnslu sem færi fram um þá og gætu því ekki gætt réttinda sinna.

## Pórður Sveinsson

sviðsstjóri úttekta

---

### Hversu lengi hefur þú starfað hjá Persónuvernd?

Síðan í júní 2002.

### Hvað í vinnunni tekur upp mestan tíma þinn?

Það getur farið nokkuð eftir atvikum. Oft fer mikill tími í textavinnu, yfirferð gagna í málum og skoðun á stjórnsýslu- og dómaframkvæmd og fræðiskrifum. Það getur verið vegna skjala sem send eru mér í rýni og sem ég legg til breytingar á en einnig vegna skjala sem ég sem sjálfur frá grunni. Þegar þessi vinna er ekki hvað brýnust ver ég tíma mínum í það meðal annars að yfirfara innkomin mál og úthluta verkefnum. Þá getur veruleg vinna farið í fundi sem getur þurft að undirbúa sig talsvert fyrir.

### Hvað heillaði þig við það að starfa hjá Persónuvernd?

Mér þótti persónuverndarrétturinn áhugavert réttarsvið og lokaritgerð mín við lagadeild var á því sviði.

### Hverjar telur þú vera stærstu áskoranir persónuverndar í dag?

Ég held að einna brýnustu viðfangsefni tengist öryggi persónuupplýsinga á Netinu. Líf fólks fer þar fram að verulega miklu leyti og alls kyns upplýsingar skrást um það þar. Þá eru ýmis upplýsingakerfi stjórnvalda, heilbrigðisþjónustunnar og fleiri aðila, sem vinna með upplýsingar um fólk, tengd Netinu, meðal annars til þess að unnt sé að búa til tengingar á milli aðila vegna miðlunar upplýsinga þeirra á milli eða gagnkvæms aðgangs að

upplýsingum, svo og vegna samskipta við hina skráðu. Allt skapar þessar öryggisáhættu og eru þess því miður dæmi, hérlendis sem erlendis, að öryggi upplýsinga hafi skerst verulega með alvarlegum afleiðingum fyrir fólk. Mikilvægt er að sporna við slíku svo að hagsmunir einstaklinga fari ekki forgörðum og svo að traust geti ríkt í samskiptum fólks við stjórnvöld, ýmiss konar þjónustuaðila og fyrirtæki. Það kallar á að gerðar séu nauðsynlegar öryggisráðstafanir og að meðalhófs sé gætt við vinnslu persónuupplýsinga þannig að upplýsingar séu ekki skráðar eða þeim miðlað að óþörfu, sem og að aðgangur sé ekki veittur að þeim í ríkari mæli en nauðsynlegt er.



Telur þú að ógnir og áskoranir á sviði persónuverndar verði aðrar í framtíðinni? Ef svo er, þá hverjar?

Líklega verða helstu viðfangsefni framtíðarinnar á sviði persónuverndar-réttarins um margt svipuð þeim sem við glímum við nú. Hins vegar má telja líklegt að eftir því sem fram líða stundir og upplýsingatæknin þróast meir og meir verði þau sífellt brýnni. Þá má ætla að meira verði unnið með persónuupplýsingar algjörlega sjálfvirkt þannig að mannshugurinn komi hvergi nærri og að ákvarðanir um mikilvæga hagsmunum grundvallist æ oftár á slíkri vinnslu. Það tengist þróun gervigreindar sem mikilvægt er að sé beitt á þann hátt að byggt sé á málefnalegum sjónarmiðum og virðingu fyrir réttindum einstaklinga.

Hvernig liti heimur okkar út án persónuverndar?

Setjum svo að engar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja að unnið sé með upplýsingar um einstaklinga á málefnalegan hátt, í samræmi við meðalhófssjónarmið og þannig að öryggis sé gætt. Þá myndi væntanlega skorta verulega á traust í ýmsum samskiptum fólks sín á milli, meðal annars á Netinu, og við opinbera aðila og fyrirtæki. Auðvitað má gera ráð fyrir að hin almenna þörf á að gætt sé meðal annars að öryggi upplýsinga yrði alltaf til þess að einhverjar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja þetta traust. Einnig er hins vegar ljóst að kröfur í þeim efnum lögum samkvæmt eru til þess fallnar að ýta frekar undir gerð slíkra ráðstafana en ella væri. Þá er mikilvægt að með lögum séu hinum skráðu tryggð réttindi gagnvart þeim sem vinna með upplýsingar um þá, til dæmis til aðgangs að upplýsingum og leiðréttingar þeirra, og að unnt sé að framfylgja þeim réttindum. Án löggjafar um skyldur í þessum efnum er líklegt að ýmiss konar samskipti, sem krefjast vinnslu persónuupplýsinga, gengju stirðar fyrir sig en raun er á.

Telurðu að eftirlit með persónuvernd gæti í framtíðinni verið framfylgt af einhvers konar gervigreind?

Hugsanlegt er að einhver verkefni gætu verið leyst með gervigreind. Önnur yrðu hins vegar ekki unnin með slíkum hætti, myndi ég halda. Hef ég þá einkum í huga ákvarðanir sem óhjákvæmilega byggjast á einhvers konar hagsmunamati, mati á vægi ólíkra lögskýringarsjónarmiða og öðru þess háttar. Þar held ég að mannshugurinn þyrfti alltaf að koma við sögu.





